2005	24		4	16,7	0	0,0	0	0,0	20	83,3

## Lögglustjórinn á Siglufirði

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærfrestun		Ákæfur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	24		4	16,7	5	20,8	7	29,2	8	33,3
2002	26		8	30,8	0	0,0	2	7,7	16	61,5
2003	25		10	40,0	0	0,0	0	0,0	15	60,0
2004	18		3	16,7	2	11,1	0	0,0	13	72,2
2005	16		6	37,5	1	6,3	2	12,5	7	43,8

## Lögreglustjórinn á Ólafsfirði

Ár	Alls	Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	37	2	5,4	0	0,0	1	2,7	34	91,9
2002	35	10	28,6	1	2,9	3	8,6	21	60,0
2003	29	5	17,2	2	6,9	0	0,0	22	75,9
2004	26	3	11,5	0	0,0	0	0,0	23	88,5
2005	5	0	0,0	0	0,0	0	0,0	5	100,0

## Lögreglustjórinn á Akureyri

Ár	Alls	Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	480	53	11,0	7	1,5	3	0,6	417	86,9
2002	622	30	4,8	17	2,7	0	0,0	575	92,4
2003	625	84	13,4	5	0,8	1	0,2	535	85,6
2004	666	31	4,7	4	0,6	3	0,5	928	94,3
2005	503	41	8,1	1	0,2	0	0,0	461	91,7

## Lögreglustjórinn á Húsavík

Ár	Alls	Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	33	4	12,1	3	9,1	3	9,1	23	69,7
2002	98	18	18,4	9	9,2	3	3,1	68	69,4
2003	92	5	5,4	5	5,4	3	3,1	82	89,1
2004	78	13	16,7	2	2,6	0	0,0	63	80,8
2005	52	16	30,8	0	0,0	0	0,0	36	69,2

## Lögreglustjórinn á Seyðisfirði

Ár	Alls	Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	76	18	23,7	16	21,1	9	11,8	33	43,4
2002	80	7	8,8	5	6,3	7	8,8	61	76,3
2003	65	8	12,3	8	12,3	7	11,0	42	64,6
2004	89	24	27,0	2	2,2	3	3,4	60	67,4
2005	48	9	18,8	0	0,0	1	2,0	38	79,2

## Lögreglustjórinn á Eskifirði

Ár	Alls	Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	90	4	4,4	3	3,3	0	0,0	83	92,2
2002	96	9	9,4	8	8,3	0	0,0	79	82,3
2003	76	3	3,9	0	0,0	5	6,6	68	89,5
2004	67	4	6,0	1	1,5	0	0,0	62	92,5
2005	69	2	2,9	2	2,9	0	0,0	65	94,2



## Lögreglustjórinn á Höfn

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærfrestun		Ákæfur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	52		0	0,0	9	17,3	0	0,0	43	82,7
2002	28		3	10,7	2	7,1	0	0,0	23	82,1
2003	16		0	0,0	4	25,0	0	0,0	12	75,0
2004	17		1	5,9	0	0,0	0	0,0	16	94,1
2005	17		0	0,0	0	0,0	0	0,0	17	100,0

## Lögreglustjórinn í Vík

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærfrestun		Ákæfur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	8		1	12,5	0	0,0	0	0,0	7	87,5
2002	20		14	70,0	1	5,0	0	0,0	5	25,0
2003	3		0	0,0	0	0,0	0	0,0	3	100,0
2004	10		0	0,0	0	0,0	0	0,0	10	100,0
2005	0		0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0

## Lögreglustjórinn á Hvolsvelli

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærfrestun		Ákæfur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	31		9	29,0	0	0,0	0	0,0	22	71,0
2002	63		35	55,6	0	0,0	0	0,0	28	44,4
2003	80		37	46,3	2	2,5	0	0,0	41	51,3
2004	51		7	13,7	1	2,0	0	0,0	43	84,3
2005	47		17	36,2	0	0,0	0	0,0	30	63,8

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærfrestun		Ákæfur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	155		97	62,6	10	6,5	0	0,0	48	31,0
2002	49		14	28,6	1	2,0	0	0,0	34	69,4
2003	68		10	14,7	1	1,5	8	11,8	49	72,1
2004	140		46	32,9	15	10,7	0	0,0	79	56,4
2005	152		39	25,7	12	7,9	0	0,0	101	66,4

## Lögreglustjórinn á Selfoss

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærfrestun		Ákæfur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	204		2	1,0	1	0,5	1	0,5	200	98,0
2002	342		86	25,1	5	1,5	1	0,3	250	73,1
2003	381		81	21,3	9	2,4	2	0,5	289	75,9
2004	562		177	31,5	5	0,9	0	0,0	380	67,6
2005	571		117	20,5	1	0,2	15	2,6	438	76,7

## Lögreglustjórinn í Keflavík

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	314		101	32,2	71	22,6	1	0,3	141	44,9
2002	431		107	24,8	67	15,5	7	1,6	250	58,0
2003	201		59	29,4	7	3,5	3	1,5	132	64,7
2004	407		108	26,5	18	4,4	6	1,5	275	67,6
2005	257		96	37,4	7	2,7	2	0,8	152	59,1

## Lögreglustjórinn á Keflavíkurlflugvelli

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	1		0	0,0	0	0,0	0	0,0	1	100,0
2002	12		0	0,0	0	0,0	0	0,0	12	100,0
2003	14		0	0,0	0	0,0	0	0,0	14	100,0
2004	66		0	0,0	0	0,0	0	0,0	66	100,0
2005	24		0	0,0	0	0,0	1	4,2	23	95,8

## Lögreglustjórinn í Hafnarfirði

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	410		91	22,2	36	8,8	9	2,2	274	66,8
2002	432		121	28,0	24	5,6	1	0,2	286	66,2
2003	690		164	23,8	23	3,3	3	0,4	500	72,5
2004	532		137	25,8	23	4,3	1	0,2	371	69,7
2005	630		251	39,8	9	1,4	4	0,6	366	58,1

## Lögreglustjórinn í Kópavogi

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2001	679		261	38,4	68	10,0	35	5,2	315	46,4
2002	1019		390	38,3	208	20,4	31	3,0	390	38,3
2003	896		317	35,4	182	20,3	23	2,6	374	41,7
2004	723		184	25,4	182	25,2	2	0,3	355	49,1
2005	703		131	18,6	147	20,9	15	2,1	410	58,3

## 2.2. Ákærðir

Alls sættu 2169 ákæru á árinu. Eftirfarandi er skipting ákærðra eftir kyni, aldri og ríkisfangi.

Ríkisfang		
	Fjöldi	%
Ísland-IS	2028	93,50
Danmörk -DK	13	0,60
Pólland-PL	13	0,60
Portúgal-PT	6	0,28
Stóra Bretland-GB	5	0,23
Bandaríki NA-US	5	0,23
Vietnam -VN	5	0,23
Chile -CL	3	0,14
Ítalía-IT	3	0,14
Lettland -LV	3	0,14
Morokkó-MA	3	0,14
Rússland-RU	3	0,14
Svíþjóð-SE	3	0,14
Úkraína-UA	3	0,14
Þýskaland-DE	2	0,09
Eistland-EE	2	0,09
Honduras-HN	2	0,09
Litháen-LT	2	0,09
Thailand-TH	2	0,09
Brasilía -BR	1	0,05
Hvíta- Rússland -BY	1	0,05
Kína -CN	1	0,05
Grænhöfðaeyjar -CV	1	0,05
Epíópía-ET	1	0,05
Finnland-FI	1	0,05
Frakkland- FR	1	0,05
Ghana-GH	1	0,05
Gínea -GN	1	0,05
Króatía-HR	1	0,05
Jórdanía-JO	1	0,05
Makedónía	1	0,05
Malawi-MW	1	0,05
Mexíkó -MX	1	0,05
Nígería-NG	1	0,05
Noregur -NO	1	0,05
Nepal-NP	1	0,05
Rúanda -RW	1	0,05
Slóvakía-SK	1	0,05
Venesúela-VE	1	0,05
Upplýsingar vantar	43	1,98
<b>Alls</b>	<b>2169</b>	<b>100,00</b>

Hér að ofan er að finna yfirlit yfir ríkisfang þeirra sem sættu ákæru á árinu. Einstaklingar eru ekki tvítaldir þótt þeir komi fyrir í fleiri en einu málsmúmeri.

Aldur		
	Fjöldi	%
14-19 ára	903	17,4
20-24 ára	1396	26,8
25-29 ára	853	16,4
30-34 ára	597	11,5
35-39 ára	440	8,5
40-44 ára	364	7,0
45-49 ára	243	4,7
50-54 ára	200	3,8
55-59 ára	117	2,2
60-69 ára	59	1,1
70 ára og eldri	26	0,5
<b>Alls</b>	<b>5198</b>	<b>100,0</b>

Kyn		
	Fjöldi	%
Karl	4597	88,4
Kona	601	11,6
Fyrirtæki	3	0,1
<b>Alls</b>	<b>5201</b>	<b>100,0</b>

Aldur eftir kyni					
	Meðal aldur	Staðal frávik	Mið- gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Karl	29,3	11,2	25	14	81
Kona	32,1	12,9	30	16	83
<b>Alls</b>	<b>29,6</b>	<b>11,5</b>	<b>26</b>	<b>14</b>	<b>83</b>

### 2.3. Einstakir brotaflokkar

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir afdrif mála er varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar, stórfelld fikniefnalagabrot og kynferðisbrot, sem bárust ríkissaksóknara árið 2005, borið saman við fimm næstu ár á undan. Það athugist að eitt mál kann að varða fleiri brot en eitt. Sömuleiðis kann ákæra að varða fleiri brot en eitt. Ennfremur er vakin athygli á að mál sem barst barst ríkissaksóknara árið 2005 kann að hafa verið afgreitt árið 2006. Skýrir það misræmi á milli fjölda útgefna ákæra sem getið er um í þessum yfirlitum og útgefna ákæra sem getið eru um í kafla 3 um dómsmeðferð mála (þar er einungis fjallað um ákæru útgefna á árinu 2005).

#### Manndráp (211. gr. hgl.)

Ár	Alls	Niðurfellt	Ákært	Sýknað í héraðsdómi	Sakfelld í héraðsdómi	Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti	Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
2001	2	0	2	0	2	0	0	0	0
2002	5	0	5	2	3	1	0	1	0
2003	2	0	2	1	1	1	0	1	0
2004	4	0	4	1	3	4	0	3	0
2005	9	0	9	6	3	2	0	2	0

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 211. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Til skýringar hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess að árið 2003 bárust tvö mál sem heimfærð voru undir ákvæðið. Í öðru málinu var ákærði sýknaður af manndrápi vegna ósakhæfis og dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Í hinu málinu var um að ræða tilraun til manndráps. Á árinu 2004 bárust fjögur mál og var í tveimur þeirra um að ræða tilraunabrot. Ákært var í öllum málunum. Sakfelld var í þremur málum en sýknað í einu vegna ósakhæfis en öryggisgæsla dæmd. Í því máli var um að ræða tvö brot og var annað tilraun og hitt fullframið. Það ár var fjórum málum áfrýjað til Hæstaréttar en fallið var frá áfrýjun í einu máli.

Á árinu 2005 bárust ríkissaksóknara 9 mál þar sem brot voru heimfærð undir 211. gr. almennra hegningarlaga. Í þremur málum var um að ræða fullframið brot og var ákært í þeim öllum og sakfelld. Í 6 málum var um að ræða tilraunabrot og var í öllum tilvikum sýknað af broti gegn 211., sbr. 20. gr. Í tveimur tilvikum vegna þess að ákærðu voru taldir ósakhæfir og voru dæmdir til að sæta öryggisgæslu og í þremur málum var brot heimfært undir 2. mgr. 218. gr.

#### Líkamsárás (2. mgr. 218. gr. hgl.)

Ár	Alls	Niðurfellt	Ákært	Sýknað í héraðsdómi	Sakfelld í héraðsdómi	Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti	Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
2001	23	2	21	8	13	4	1	3	0
2002	32	2	30	5	25	3	1	2	0
2003	33	1	32	5	27	5	1	4	0
2004	29	2	27	3	24	7	0	7	0
2005	30	0	30	5	24	5	0	2	3

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár. Hér er um að ræða líkamsárásir sem af hlýst stórfelld líkams- eða heilsutjón eða líkamsárásir sem taldar eru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð er.

Til skýringar hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess að árið 2004 bárust ríkissaksóknara alls 29 mál. Ákært var í 27 málum. Í einu þeirra voru þrjú kærðir en einungis einn var ákærður og málið felld niður hvað hina tvo varðar.

Á árinu 2005 bárust ríkissaksóknara 30 mál þar sem brot voru talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og gaf ríkissaksóknari út ákæru í öllum málunum. Í einu þeirra voru þrjú kærðir og var málið felld niður hvað varðar tvo þeirra en sá þriðji var ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Af þessum 30 ákærum er eitt mál enn ódæmt. Í fimm málum var sýknað af broti gegn 2. mgr. 218. gr. en í þremur af þeim málum var þess í stað sakfelld fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. Fimm málum var áfrýjað til Hæstaréttar. Sakfelld var í tveimur þeirra en þrjú eru enn ódæmd.

## Fíkniefnabrot (173. gr.a. hgl.)

Ár	Alls	Niðurfellt	Ákært	Sýknað í héraðsdómi	Sakfelld í héraðsdómi	Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti	Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
2001	10	0	10	0	10	3	0	3	0
2002	4	0	4	0	4	1	0	1	0
2003	5	0	5	0	5	3	0	3	0
2004	9	0	9	1	7	4	0	2	0
2005	12	0	12	0	12	4	0	2	1

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála er varða stórfelld fíkniefnabrot og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Til skýringar hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess að árið 2004 var ákært í 9 málum en ein ákæra var afturkölluð eftir að ákærði lést. Á því ári var fjórum dómum áfrýjað til Hæstaréttar. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu í tveimur málum og ein áfrýjun var afturkölluð. Fjórða málinu var einungis áfrýjað í því skyni að endurskoðuð yrði ákvörðun héraðsdóms um upptöku fjármuna og staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu.

Á árinu 2005 bárust ríkissaksóknara 12 mál sem vörðuðu stórfelld fíkniefnabrot. Ákært var í öllum málunum. Í 5 þeirra voru sakborningar tveir eða fleiri. Þau mál voru felld niður gagnvart sumum sakborningum á grundvelli 112. gr. oml. en aðrir ákærðir. Í héraðsdómi var sakfelld í öllum málunum. Fjórum málum var áfrýjað til Hæstaréttar. Af þessum fjórum var ein áfrýjun afturkölluð. Í tveimur var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu staðfest og einu máli var vísað aftur í héraðsdóm hvað varðar einn ákærða en sakfelling meðákærða staðfest. Það mál hefur verið dæmt aftur í héraðsdómi þar sem ákærði var sakfelldur. Ákærði áfrýjaði málinu á ný til Hæstaréttar þar sem það er ódæmt.

## Kynferðisbrot (194.-198. gr. hgl.)

Ár	Alls	Niðurfellt	Ákært	Sýknað í héraðsdómi	Sakfelld í héraðsdómi	Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti	Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
2001	29	18	11	5	6	6	1	5	0
2002	58	37	21	5	14	9	2	7	0
2003	65	49	16	11	5	4	1	3	0
2004	43	32	10	3	7	6	0	6	0
2005	52	32	19	8	9	5	0	3	2

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 194.-198. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Til skýringar hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess að á árinu 2002 var ákært í 21 máli. Ein ákæra var afturkölluð þar sem ákærði lést eftir útgáfu ákæru og ein ákæra er óafgreidd þar sem ákærði fór af landi brott og hefur ekki tekist að hafa upp á honum. Árið 2004 bárust ríkissaksóknara 43 mál og var eitt þeirra sent aftur til lögreglu til frekari rannsóknar. Því máli er enn ólökkið.

Á árinu 2005 bárust ríkissaksóknara 52 mál. Eins og áður er hlutfall niðurfelldra mála í þessum málaflokki hátt og voru 32 mál felld niður á grundvelli 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eitt mál var sent lögreglu til frekari rannsóknar en ákært í 19 málum. Af þeim var sakfelld í 9 málum, en sýknað í 8 málum. Þar er talið með eitt mál þar sem brot var talið varða við 209. gr. og annað þar sem brot var talið varða við 1. mgr. 217. gr. Tvö mál eru enn ódæmd í héraðsdómi.

## Kynferðisbrot (200.-202. gr. hgl.)

Ár	Alls	Niðurfellt	Ákært	Sýknað í héraðsdómi	Sakfelld í héraðsdómi	Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti	Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
2001	49	21	28	11	17	14	1	13	0
2002	34	21	13	3	10	7	0	7	0
2003	60	33	27	6	21	12	2	10	0
2004	58	28	29	8	21	8	1	3	3
2005	35	16	16	7	9	6	0	3	3

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 200.-202. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Til skýringar hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess að á árinu 2004 lauk einu máli með ákærufrestun. Af þeim 8 málum sem var áfrýjað til Hæstaréttar var einu vísað frá.

Alls bárust 35 mál á árinu 2005 sem voru talin varða við ákvæði 200.-202. gr. almennra hegningarlaga. Af þessum 35 málum voru 16 felld niður með vísan til 112. gr. oml. Ákært var í 16 málum, fallið var frá saksókn í einu máli, gefin var út skilorðsbundin ákærufrestun í einu máli og eitt mál er enn óafgreitt. Sakfelld var í 9 málum en sýknað í 7, þar af var í einu máli talið að brot varðaði við 204. gr.

## Kynferðisbrot (209. gr. hgl.)

Ár	Alls	Niðurfellt	Ákært	Sýknað í héraðsdómi	Sakfelld í héraðsdómi	Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti	Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
2001	13	7	6	0	6	3	2	1	0
2002	26	13	13	2	9	3	1	2	0
2003	18	8	8	1	7	2	0	2	0
2004	21	9	11	2	9	3	0	3	0
2005	17	5	8	3	3	1	1	0	0

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 209. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Til skýringar hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess að árið 2002 var í einu tilviki ákært í einni ákæru vegna tveggja mála en sú ákæra var síðan afturkölluð eftir að ákærði lést. Á árinu 2003 var einu máli lokið með ákærufrestun og í einu máli var fallið frá saksókn. Árið 2004 lauk einu máli með ákvörðun um að hætta rannsókn á grundvelli 76. gr. oml.

Alls bárust ríkissaksóknara 17 mál á árinu sem talin voru varða við ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga. Ákært var í 8 málum en 5 voru felld niður með vísan til 112. gr. oml. Í einu af þessum 8 málum voru tveir kærðir og var annar ákærður en málið felld niður hvað hinn kærða varðaði. Fallið var frá saksókn í tveimur málum og tvo mál voru send aftur til lögreglu til frekari rannsóknar. Enn er ódæmt í tveimur málum í héraðsdómi.

## Kynferðisbrot (210. gr. hgl.)

Ár	Alls	Niðurfellt	Ákært	Sýknað í héraðsdómi	Sakfelld í héraðsdómi	Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti	Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
2001	6	1	5	0	4	0	0	0	0
2002	9	2	7	0	6	2	0	1	0
2003	16	3	13	1	12	0	0	0	0
2004	6	1	5	1	4	0	0	0	0
2005	13	3	10	1	9	2	0	1	1

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 210. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Til skýringar hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess að árið 2001 var ein ákæra afturkölluð eftir að ákærði lést. Það gerðist einnig í einu tilviki árið 2002. Það ár var tveimur málum áfrýjað til Hæstaréttar en önnur áfrýjunin afturkölluð. Þá var í einu máli ákært bæði fyrir brot gegn 2. og 4. mgr. 210. gr. Árið 2003 var í tveimur tilvikum ákært fyrir bæði ákvæðin og í einu tilviki árið 2004.

Árið 2005 bárust 13 mál og var ákært í 10 þeirra. Í þremur málum var ákært bæði fyrir brot gegn 2. og 4. mgr. 210. gr. Einu máli er ólokið í Hæstarétti.

## 2.4. Fallið frá saksókn

Árið 2005 féll ríkissaksóknari frá saksókn í fimm málum samkvæmt heimild í 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Málsvik voru í meginatriðum eins og hér greinir:

2.4.1. 16 ára þroskaheftur drengur hafði sýnt tveimur fjögurra og sex ára börnum á sér kynfærin. Háttsemi hans var talin hafa falið í sér brot gegn blygðunarsemi og gat varðað við 209. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af andlegum þroska kærða var hann talinn ósakhæfur og ekki nauðsynlegt að gera kröfu um að hann yrði beittur öryggisráðstöfunum. Fallið var frá saksókn með heimild í b. lið 2. mgr. 113. gr.

2.4.2. 17 ára drengur var talinn hafa framið kynferðisbrot gegn 6 ára gömlum dreng sem gat varðað við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Sakborningur var samkvæmt skýrslu sálfræðings svo fatlaður andlega að hann var talinn algerlega ófær um að átta sig á afleiðingum háttsemi sinnar og því ósakhæfur. Ekki var talið nauðsynlegt að gera kröfu um að hann yrði beittur öryggisráðstöfunum. Fallið var frá saksókn með vísan til b. og f. liðar 2. mgr. 113. gr.

2.4.3. Karlmaður hafði sent ungum pilti skilaboð sem talin voru kynferðisleg og klámfengin. Var hann talinn hafa brotið gegn 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Hann hafði verið dæmdur fyrir önnur brot eftir að hann framdi þessi. Hefði samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga átt að ákveða refsingu í seinna málinu eins og bæði málin hefðu verið dæmd saman. Var talið að ef umrædd brot hefðu verið dæmd saman hefði seinna brotið ekki haft nein áhrif til þyngingar þeirrar refsingar sem gerð var með dóminum. Fallið var frá saksókn með vísan til d. liðar 2. mgr. 113. gr.

2.4.4. Lögreglumaður var talinn hafa vanhirt fíkniefnaleitarhund sem honum hafði verið falið að annast af embætti ríkislögreglustjóra. Háttsemi hans gat varðað við 3. gr. laga um dýravernd, reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga. Erfiðar persónulegar aðstæður sakbornings og þekkingarleysi á meðferð hundsins þóttu réttlæta að fallið yrði frá saksókn gegn honum með vísan til f. liðar 2. mgr. 113. gr. enda krefðust almannahagsmunir ekki málshöfðunar.

2.4.5. 16 ára þroskaheftur drengur hafði sýnt sex ára dreng á sér kynfærin, látið drenginn gera slíkt hið sama og kysst hann á munninn. Háttsemi hans var talin hafa falið í sér brot gegn blygðunarsemi og gat varðað við 209. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af andlegum þroska kærða var hann talinn ósakhæfur og ekki nauðsynlegt að gera kröfu um að hann yrði beittur öryggisráðstöfunum. Fallið var frá saksókn með heimild í b. og f. lið 2. mgr. 113. gr.

## 2.5. Sektarboð og sektargerðir

Í árslok 2005 höfðu lögreglustjórar sent út 29.590 sektarboð, langflest vegna umferðarlagabrota. Þar af höfðu 23.343 sektir verið greiddar á árinu en það er 78,9% af útsendum sektarboðum. Þau brot sem oftast var sektað fyrir var of hraður akstur eða í 18.850 tilvikum. Alls fóru 2.863 sektarboð til meðferðar fyrir dómstólum annað hvort sem áritunarmál eða ákærumál.

Sektargerðir lögreglustjóra voru 3.490 í árslok. Þar af höfðu 2.353 verið greiddar á árinu eða 67,4%. Flest málin vörðuðu umferðarlagabrot eða 2.510 þar af 966 vegna ölvunaraksturs. Mál sem varða ölvun við stjórn hests og stjórn reiðhjóls eru mjög sjaldgæf en á árinu gekkst ein einstaklingur undir sektargerð vegna ölvunar á hesti og annar vegna ölvunar við stjórn reiðhjóls. Alls var 741 minni háttar brotum gegn lögum um meðferð ávana- og fíkniefna lokið með sektargerð og 65 auðgunarbrotum og er þá aðallega um að ræða þjófnaðarbrot.

Það athugist að hvert sektarboð og hver sektargerð getur varðað fleiri en eitt brot.

## 2.6. Tímalengd gæsluvarðhalds

Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2005 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar.

Fjöldi úrskurða	86
Fjöldi einstaklinga	81
Dagar úrskurðaðir	4850
Dagar í gæslu	4171

## 2.7. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 41 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið, að rannsókn aflokinni, að höfða ekki mál með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kæruheimildina er að finna í 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð opinberra mála.

**Kæurur á grundvelli 1. mgr. 114. gr. oml.**

Kæurur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
41	17	24

Brotaflokkur	Fjöldi
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi	4
Líkamsárásir	20
Húsbrot	2
Ærumeiðingar	1
Þjónaður	5
Eignaspjöll	5
Sérrefsilagabrot	4
<b>Samtals</b>	<b>41</b>

Ríkissaksóknara bárust 44 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa kæru frá án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Kæruheimildina er að finna í ákvæðinu, þ.e. 1. mgr. 76. gr. **Kæurur á grundvelli 76. gr. oml.**

Kæurur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
44	11	33

Brotaflokkur	Fjöldi
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi	13
Rangar sakargiftir	3
Kynferðisbrot	1
Líkamsárásir	6
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	4
Hótanir	1
Þjófnaðir	7
Eignaspjöll	3
Sérrefsilagabrot	6
<b>Samtals</b>	<b>44</b>

## 2.8. Kæurur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Ríkissaksóknara bárust 22 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra. Flest kærumálin, eða 13, tengdust handtökum kæranda þannig að kærðar voru ólögmetar handtökur og/eða harðræði/líkamsárás í tengslum við handtökur og vistun í fangaklefa. Í þremur málanna var jafnframt kært fyrir að gæta ekki lögmetra aðferða við leit. Tvær kæurur bárust þar sem eingöngu var kært fyrir ólögmetar aðferðir við leit.

Í tveimur málum var kæruefnið líkamsárásir/harðræði lögreglumanna í tengslum við önnur afskipti lögreglu af kæranda en handtöku. Ein kæra laut að beitingu lögreglumanns á úðavopni. Í einu málanna var kærð meint refsiverð háttsemi lögreglumanna vegna rangrar skýrslugerðar. Þá var lögreglumaður kærður vegna „...hugsanlegrar aðildar og vitneskju [...] að þjófnaðarmáli...“. Loks var lögreglumaður kærður fyrir brot í opinberu starfi og brot á lögum um dýravernd vegna meðferðar á fíkniefnaleitarhundi.

Kvartað var til umboðsmanns Alþingis yfir ákvörðun um að hætta rannsókn í einu ofangreindra mála. Laut kvörtunin að því að rannsókn ríkissaksóknara hefði verið ófullnægjandi. Í bréfi umboðsmanns til kæranda dagsett 2. júní 2006 segir meðal annars: „Þótt rannsókn sé hafin samkvæmt kæru hlýtur lögregla og ríkissaksóknari að endurmeta, eftir því sem tilefni gefst til, hvort fyrir liggja grunur um refsivert brot svo rétt sé að halda áfram rannsókn máls. Verður að ætla lögreglu og ríkissaksóknara nokkurt svigrúm við mat á því hvort slíkur grunur sé fyrir hendi og hvort líkur séu til að frekari rannsókn myndi leiða eitthvað í ljós sem styrkti slíkan grun.“ Umboðsmaður taldi sig ekki „...hafa forsendur til að gera athugasemdir við það mat ríkissaksóknara á fyrirbyggjandi gögnum að ekki hafi legið fyrir grunur um refsiverða háttsemi viðkomandi lögreglumanna.“ Þótti umboðsmanni ekki tilefni til að gera athugasemdir við það sem ríkissaksóknari lagði til grundvallar niðurstöðu sinni og var kvörtunin ekki tekin til nánari athugunar.



Rannsókn í einu máli leiddi til ákæru. Lögreglumaður var ákærður fyrir brot í opinberu starfi með því að hafa misnotað aðstöðu sína öðrum til ávinnings og hallað réttindum hins opinbera er hann tók Tetra handtalstöð og afhenti hana heimildarlaust ljósmyndara í því skyni að veita honum aðgang að fjarskiptum lögreglunnar. Ákærði játaði háttsemina og var hann dæmdur í 60 daga fangelsi skilorðsbundið í 3 ár. Málinu var ekki áfrýjað.

Rannsókn 12 mála var hætt samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála, kærur var vísað frá í 2 málum á grundvelli sömu greinar og 3 mál voru felld niður að rannsókn lokinni með vísan til 112. gr. sömu laga. Í einu máli var fallið frá saksókn með vísan til f. liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Premur kærumálum er ólokið.

#### Kæra á 35. gr. lögreglul.

Ár	Kæur alls	Niðurfelling	Fallið frá saks.	Ranns. hætt	Kæru vísað frá	Dómur	Í vinnslu
2001	18	9	0	9	0	0	
2002	31	10	0	12	8	1	
2003	19	7	0	10	0	2	
2004	27	11	0	9	3	3	
2005	22	3	1	12	2	1	3

## 2.9. Áfrýjunarmál

Áfrýjunarmál á árinu 2005 voru 91 talsins, auk þess sem eitt mál var endurupptekið.

Ellefu málum var áfrýjað að frumkvæði ákæruvalds. Í tveimur málum sem vörðuðu tilraun til manndráps og kynferðisbrot var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað. Í þremur málum sem vörðuðu auðgunarbrot og umferðarlagabrot var refsing þyngd. Sama niðurstaða var í manndrápsmáli þar sem refsing var þyngd úr 9 í 11 ára fangelsi. Refsing var lækkuð í máli vegna umferðarlagabrots sem var endurupptekið eftir að fyrir lá að héraðsdómari hafði dæmt upp skilorðsdóm, sem þegar hafði verið dæmdur upp. Í þremur málum sem vörðuðu kynferðisbrot, líkamsárás og umferðarlagabrot var niðurstaða héraðsdóms staðfest. Loks var máli sem varðaði meiðyrði í garð lögreglumanna vísað frá héraðsdómi.

Í 80 málum sem áfrýjað var af hálfu dómfelltra voru staðfestar niðurstöður héraðsdómara í 35 málum, refsing þyngd í 13 málum en milduð í 20 málum. Sýknað var í 3 málum, 4 heimvísað og 3 vísað frá héraðsdómi.

### Fjöldi áfrýjana eftir brotaflokkum 2005

<b>Hegningarlagabrot</b>		
Kynferðisbrot	14	Nytjastuldur
Auðgunarbrot	13	Meiðyrði
Líkamsárásir	11	Brot í opinberu starfi
Fíkniefnabrot	10	
Manndráp	4	<b>Sérrefsilagabrot</b>
Hótanir	4	Skattalagabrot
Rán	3	Umferðarlagabrot
Tilraun til manndráps	2	Fiskveiðibrot
Manndráp af gáleysi	2	Iðnaðarlög
Hættubrot	2	Tryggingalög
Frelssvipting	2	Lög um útlendinga
Brot gegn valdstjórninni	2	Útvarpslög
Eignaspjöll	1	Vopnalög
Skjalafals	1	
Rangur framburður	1	<b>Samtals</b>
		<b>91</b>

# 3. kafli

# Dómsmeðferð mála

**Hér gefur að líta annál mála sem ríkissaksóknari flutti fyrir dómi árið 2005, í héraði og fyrir Hæstarétti.**

### 3.1. Manndráp

Dómur féll í einu manndrápsmáli á árinu í Hæstarétti, en með dómi réttarins í máli nr. 141/2005 var staðfesti niðurstaða héraðsdóms um 16 ára fangelsisrefsingu karlmanns sem sakfelldur var fyrir að hafa banað fyrrum sambýliskonu sinni. Þá féll einn dómur í Hæstarétti vegna tilraunar til manndráps, en með dómi réttarins í máli nr. 52/2005 var karlmaður dæmdur í 7 ára og hálfis árs fangelsi fyrir að hafa ráðist að manni og slegið hann nokkrum sinnum í höfuðið með öxi. Jafnframt var hann sakfelldur fyrir sjö líkamsárásir, brot á vopnalögum og brot á umferðarlögum

Þrjár ákæru voru gefnar út á árinu vegna manndrápa.

#### M. 037-2004-4520

Höfðað var mál á hendur 30 ára manni fyrir að hafa banað eiginkonu sinni með því að bregða þvottasnúru um háls hennar og þrengja að með þeim afleiðingum að hún lést af völdum kyrkingar. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 8. júlí 2005 í málinu S-433/2005 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 9 ára fangelsi. Málinu var áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til refsibýngingar og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 23. febrúar 2006 í málinu 408/2005 var refsing þyngd í 11 ára fangelsi.

#### M. 037-2005-3096

Mál var höfðað á hendur P 33 ára fyrir að hafa banað öðrum manni með hnífstungu og ennfremur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa stungið M, sem reyndi að stöðva atlögu ákærða, með hnífi í læri. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 9. nóvember 2005 í málinu S-1056/2005 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 16 ára fangelsi. Dómnum var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 6. apríl 2006 í málinu 524/2005 var dómurinn staðfestur.

#### M. 010-2005-31589

Loks var S 23 ára ákærður fyrir manndráp með því að hafa svipt B lífi með hnífsstungu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. febrúar 2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í fangelsi í 14 ár og 6 mánuði.

Sex ákæru voru gefnar út á árinu þar sem ákært var fyrir tilraun til manndráps.

Í þremur málum var sýknað vegna sakhæfisskorts.

#### M. 010-2004-25539

S 42 ára var ákærður fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa stungið B þrívogis með eggvopni. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 30. maí 2005 í málinu S-289/2005 var ákærði sakfelldur fyrir brotið en sýknaður af refsikröfu þar sem hann var talinn ósakhæfur og dæmdur til að sæta öryggisgæslu.

#### M. 010-2005-13712

R 53 ára var ákærður fyrir tilraun til manndráps, til vara stórfellda líkamsárás, með því að hafa brugðið snæri um háls eiginkonu sinnar og hert að. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 7. október 2005 í málinu S-869/2005 var ákærði sakfelldur fyrir tilraun til manndráps. Hann var hins vegar talinn ósakhæfur og því sýknaður af refsikröfu en dæmdur til að sæta öryggisgæslu.

#### M. 012-2005-425

Ö 29 ára var ákærður fyrir tilraun til manndráps, með því að hafa ráðist á bróður sinn H, með þeim ásetningi að ráða honum bana með dúkahníf að vopni. Með dómi Héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum hinn 12. desember 2005 í máli nr. S-204/2005 var ekki talið sannað að ákærði hafi haft ásetning til að bana H og var hann því talinn hafa gerst sekur um sérstaklega hættulega líkamsárás. Ákærði var hins vegar sýknaður af refsikröfu vegna sakhæfisskorts. Kröfu ákæruvaldsins um að hann sætti öryggisgæslu var hins vegar hafnað.

Í tveimur málum var ákært fyrir tilraun til manndráps en sakfelld fyrir stórfellda líkamsárás.

#### M. 010-2005-2480

H 42 ára var ákærður fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa veist að manni og stungið hann með hnífi með þeim afleiðingum að hann hlaut lífshættulega áverka á brjósthól. Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 9. júní 2005 í málinu S-398/2005 var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl. og dæmdur í 18 mánaða fangelsi.

**M. 012-2005-2252**

L 36 ára var ákærður fyrir tilraun til manndráps, með því að hafa ráðist á fyrrverandi sambýliskonu sína G 31 árs á heimili hennar og slegið hana margsinnis í höfuðið með felgulykli. Með dómi Héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum hinn 23. nóvember 2005 í málinu S-249/2005 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta fangelsi í 5 og hálf t. Í dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 24. maí 2005 í máli nr. 551/2005 var brot ákærða hins vegar heimfært til 2. mgr. 218. gr. hgl. og fangelsisrefsing lækkuð í 2 ár og 6 mánuði.

**M. 010-2005-31668**

Loks var ein ákæra gefin út þar sem Ó 18 ára var gefin að sök tilraun til manndráps, tvær sérstaklega hættulegar líkamsárásir og kynferðisbrot. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. maí 2006 í málinu S-1897/2005 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 5 ára fangelsi.

### 3.2. Líkamsmeiðingar

Á árinu voru gefnar út ákæru í 30 málum vegna stórfelldra líkamsmeiðinga, sbr. 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Öllum málunum er lokið og var sakfelldur í 27 málum en sýknað í hinum þremur.

#### Ýmsir héraðsdómar varðandi 2. mgr. 218. gr. alm. hgl.

**M. 037-2005-1643**

E var ákærður fyrir að hafa slegið K í andlitið með glerglasi þeim afleiðingum að hann hlaut hruflsár í andliti, stóra blæðingu undir húð og mar yfir hægra efra andliti, mar á vinstra kinnbeini og hreyfiskerðingu og tvísýni á vinstra auga vegna skaða á augntóft. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 28. mars 2006 í málinu S-60/2006 var ákærði sakfelldur. Var refsing ákærða ákveðin sex mánaða fangelsi þar af voru þrjú skilorðsbundnir.

**M. 003-2005-1**

JE var ákærður fyrir að hafa slegið M í andlit með glasi sem við það brotnaði, með þeim afleiðingum að á vinstri hluta andlits hlaut hann djúpan og hlykkjóttan skurð á gagnauga, nokkra smáskurði á efra augnlok, alllangan skurð á það neðra og marðist í kringum augað. Hann var auk þess ákærður fyrir ýmis önnur brot. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 26. júlí 2005 í málinu S-11/2005 var ákærði dæmdur í 9 mánaða fangelsi skilorðsbundið í þrjú ár.

**M. 010-2004-24022**

R var ákærður fyrir að hafa slegið S í andlitið á meðan S var að drekka úr glasi, sem við það brotnaði á andliti hans með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð til hliðar við vinstra auga sem sauma þurfti saman með 4 sporum, skurði í bæði munnvikin, 12 mm langan og 4 mm djúpan skurð á hægra auga og 8 mm langan og alldjúpan skurð á hornhimnu vinstri auga. Þá leiddu áverkarnir til sjónskerðingar á báðum augum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 10. maí 2005 í málinu S-272/2005 var ákærði dæmdur í 9 mánaða fangelsi.

**M. 503-2005-17**

P var ákærð fyrir að hafa stungið J með hnífi í bakið með þeim afleiðingum að hann hlaut um fjögurra sentímetra djúpan skurð. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 15. júní 2005 í málinu S-22/2005 var ákærða dæmd til 15 mánaða fangelsisvistar, þar af voru 12 mánuðir skilorðsbundnir til þriggja ára.

**M. 010-2004-16971**

H var ákærð fyrir að hafa veist að F með hnífi og stungið hann í kvið. Hlaut F stungusár á efri hluta kviðar og áverka á kviðarholslíffæri. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 20. janúar 2006 í málinu S-1029/2005 var ákærða sakfelld og dæmd í 12 mánaða fangelsi skilorðsbundið til þriggja ára.

**M. 024-2005-1797**

Þ og D voru ákærðir fyrir líkamsárás á Vaðlaheiði, ákærði Þ með því að hafa skotið málmkúlum úr loftskambyssu að DI og látið hann afklæðast á meðan á skotárásinni stóð og ákærði D með því að hafa lagt á ráðin um skotárásina með ákærða Þ, ekið með þeim DI á vettvang og verið viðstaddur skotárásina. Við

þetta fékk DI 17 skotsár á fótleggi, vinstri hendi og mjóbak og varð að fjarlægja fjórar málmkúlur úr vinstri mjöðm og hægra læri hans. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra í málinu S-150/2005 uppkveðnum hinn 15. september 2005 var ákærði Þ dæmdur fyrir þetta brot auk ýmissa umferðalagabrota og gert að sæta 8 mánaða fangelsi en þar af voru 5 mánuðir skilorðsbundnir til þriggja ára. Ákærði D var dæmdur í 5 mánaða fangelsi þar af 3 mánuðir skilorðsbundnir til þriggja ára.

#### M. 010-2004-20907

C var ákærður fyrir tvær líkamsárásir. Annars vegar með því að hafa slegið K hnefahögg í andlit svo að hann féll og höfuð hans skall í gangstéttina, með þeim afleiðingum að hann hlaut glóðarauga á hægra auga, hrufaðist á höfði, hlaut blæðingu bakvið vinstri hljóðhimnu og inn í höfuðkúpu og blæðingu og bjúg í eyrnarlappahluta heila. Hins vegar með því að hafa slegið H hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. júní 2006 í málinu S-2045/2005 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 12 mánaða fangelsi.

Í tveimur málum var ákært fyrir stórfellda líkamsárás sem leiddi til dauða.

#### M. 034-2004-4143

S, breskur ríkisborgari, var ákærður fyrir stórfellda líkamsárás, svo að mannsbani hlaut af, með því að hafa fyrirvaralaust slegið F, danskan ríkisborgara, hnefahöggi efst á háls hægra megin, með þeim afleiðingum að blæðing sem F hlaut milli heila og innri heilahimna af völdum höggsins leiddi til dauða hans. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 5. október 2005 í málinu S-630/2005 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 18 mánuði en þar af voru 15 mánuðir skilorðsbundnir til 3 ára. Ríkissaksóknari áfrýjaði dóminum til refsípyngingar. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 23. mars 2006 í máli nr. 508/2005 var dómurinn staðfestur.

#### M. 010-2004-28215

L var ákærður fyrir stórfellda líkamsárás sem leiddi til dauða með því að hafa, á veitingahúsinu Á, slegið R hnefahögg efst í háls vinstra megin, með þeim afleiðingum að brot kom í hliðartind fyrsta háls hryggjarliðar og slagæð við háls hrygg rofnaði. Við þetta varð mikil blæðing inn í höfuðkúpu, sem leiddi til þess að R lést af völdum blæðingar á milli heila og innri heilahimnu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 25. september 2006 í málinu S-872/2005 var ákærði sakfelldur. Refsing ákærða var ákveðin tveggja ára fangelsi. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétti voru flutt fimm mál er vörðuð brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Þá voru flutt nokkur mál fyrir Hæstarétti vegna brota gegn 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. í málum sem lögreglustjórar höfðu ákært í og flutt í héraði.

### 3.3. Ávana- og fíkniefnabrot

Í Hæstarétti voru tveir dómur kveðnir upp fyrir stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 173. gr. a. hgl. Í öðru málinu var ákvörðun héraðsdóms um sakfellingu beggja ákærðu staðfest en refsing þeirra milduð. Í hinu málinu staðfesti Hæstiréttur sakfellingu annars ákærða og mildaði refsingu hans en ómerkti héraðsdóm og vísaði málinu heim aftur að því er varðaði hinn ákærða, sjá nánar í reifun hér að neðan.

#### M. 010-2004-17332

Ó 33 ára, T 26 ára, EA 31 árs og ET 46 ára voru ákærð fyrir stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni í ágóðaskyni með því að hafa í júní og júlí staðið að innflutningi á 7.694,86 g af amfetamíni. H 30 ára og Ó voru ákærðir fyrir stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa í ágóðaskyni staðið að innflutningi á 2000 skömmtum af lysergide (LSD) frá Hollandi. H var jafnframt ákærður fyrir stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa í september haft í vörslum sínum 4000 skammmta af lysergide (LSD) ætlað til söludreifingar. EA var ákærð fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa afhent EÁ 4,29 g af amfetamíni og haft í vörslum sínum alls 102,77 g af amfetamíni og 1,51 g af kókaíni, sem ákærða ætlaði að hluta til sölu og dreifingar og að hluta til eigin neyslu. ET var ákærður fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa haft í vörslum sínum 5,06 g af hassi, sem ákærði framvísaði lögreglu við húsleit. Þá var T ákærður fyrir brot gegn umferðarlögum og vopnalögum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 24. júní 2005 í máli nr. S-713/2005 var Ó dæmdur til

að sæta fangelsi í 6 ár og 6 mánuði, T var dæmdur til að sæta fangelsi í 6 ár og H var dæmdur í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi. EA og ET voru sýknuð af hluta ákærunnar en EA var dæmd til að sæta 4 mánaða skilorðsbundnu fangelsi og ET til að greiða kr. 40.000 í sekt. Öll ákærðu voru dæmd til að sæta upptöku fíkniefna. Þætti Ó og T í málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 8. desember 2005 í máli nr. 364/2005 staðfesti sakfellingu Ó en mildaði refsingu hans og dæmdi hann til að sæta 4 ára fangelsi. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóm að því er varðaði ákærða T og vísaði málinu heim í hérað. Þar var hann sakfelldur á ný og hefur þeim dómi verið áfrýjað til Hæstaréttar en dómur hefur ekki verið upp kveðinn.

Á árinu 2005 voru 24 ákærðir í 13 málum sem vörðuðu stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 173. gr. a hgl. Þá var einn ákærður fyrir að hafa haft fíkniefni í vörslum sínum. Allir ákærðu voru sakfelldir nema einn en í máli hans ómerkti Hæstiréttur héraðsdóm að hluta sbr. reifun hér að framan. Refsing var oftast ákveðin óskilorðsbundið fangelsi.

#### M. 010-2004-5806

H 30 ára, JA 34 ára og SP 27 ára voru ákærðir fyrir stórfelld brot á lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa flutt hingað til lands frá Hollandi rúmlega 4 kg af amfetamíni og tæp 600 g af kókaíni, ætluð til söludreifingar, með flutningaskipinu D. H, JE 26 ára og JA voru jafnframt ákærðir fyrir tilraun til brots á lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa reynt að flytja hingað til lands frá Danmörku að minnsta kosti 400 g af amfetamíni, ætluðu til söludreifingar, með flutningaskipinu D. Þá var S ákærður fyrir tollalagabrot með því að hafa flutt með sér til landsins 270 dósir sem innihéldu munntóbak og 85 dósir sem innihéldu fínkorna neftóbak. Loks var JE ákærður fyrir vöslur á 16,83 g af amfetamíni. Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 26. maí 2005 í málinu S-319/2005 voru H, JA og SP sakfelldir og var H dæmdur í tveggja ára fangelsi, JA í þriggja ára fangelsi og SP í eins árs fangelsi. JE var sakfelldur fyrir vörslu fíkniefna en sýknaður að öðru leyti og var hann dæmdur til að greiða kr. 150.000 í sekt. Ákærðu voru jafnframt dæmdir til að sæta upptöku á fíkniefnum, munntóbaki, neftóbaki og anabólískum sterum.

#### M. 035-2004-3384

J 30 ára var ákærður fyrir stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa í ágóðaskyni flutt hingað til lands 975,08 g af kókaíni. Efnið flutti ákærði falið í líkama sínum og fannst það eftir komu hans með flugi frá París. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 13. apríl 2005 í máli nr. S-325/2005 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 2 og hálf ár.

#### M. 026-2005-643

E 27 ára og R 55 ára voru ákærðir fyrir stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa í hagnaðarskyni flutt hingað til lands 3.986,80 g af metamfetamíni, ætluðu til söludreifingar. Ákærðu fluttu efnið falið í geymsluhólfi í járnbita í undirvagni bifreiðar með farþegaferjunni Norrænu og fannst efnið eftir komu ferjunnar til Seyðisfjarðar. Með dómi Héraðsdóms Austurlands uppkveðnum hinn 18. nóvember 2005 í málinu S-107/2005 voru ákærðu dæmdir til að sæta fangelsi í 3 ár og til að sæta upptöku á bifreiðinni sem efnin voru falin í. Ákærði R áfrýjaði til Hæstaréttar sem, með dómi uppkveðnum hinn 25. apríl 2006 í máli nr. 16/2006 staðfesti héraðsdóminn.

#### M. 010-2005-25654.

MB 27 ára og MS 21 árs voru ákærð fyrir stórfelld fíkniefnabrot en ákærða MB var gefið að sök að hafa móttakið af ónafngreindum manni, til söludreifingar í ágóðaskyni, 245,75 g af amfetamíni, 400 töflur sem innihéldu amfetamín, 106 töflur sem innihéldu blöndu af amfetamíni og metamfetamíni, 50 töflur sem innihéldu MDMA og 100 töflur sem innihéldu blöndu af MDMA og N-ethyl-MDA. Fíkniefnin hafði ákærði síðan í vörslum sínum, fyrst á þáverandi heimili sínu og meðákærðu, en eftir það á veitingastað sínum P, þar sem lögregla fann efnin við hútleit falin milli þilja á salerni. Ákærðu MS var gefið að sök að hafa, eftir að hún varð þess vör að meðákærði geymdi framangreind fíkniefni, sem henni var ljóst að væru ætluð til sölu í ágóðaskyni, á þáverandi heimili þeirra, tekið efnin í vörslur sínar og farið með þau á framangreindan veitingastað, þar sem hún geymdi efnin í skáp sem hún hafði til umræða sem starfsmaður á staðnum í að minnsta kosti einn dag. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 9. desember 2005 í máli nr. S-1683/2005 var ákærði MB dæmdur til að sæta fangelsi í 15 mánuði og ákærða MS til að sæta 3 mánaða skilorðsbundnu fangelsi. Ákærði MB áfrýjaði til Hæstaréttar sem, með dómi uppkveðnum hinn 18. maí 2006 í máli nr. 56/2006, dæmdi ákærða til að sæta tveggja ára fangelsi og staðfesti ákvörðun héraðsdóms að öðru leyti.

### 3.4. Brenna

Ein ákæra var gefin út á árinu fyrir brot gegn 164. gr. hgl.

#### M. 003-2004-247.

A 22 ára var ákærður fyrir brennu með því að hafa hellt bensíni yfir bifreiðina ST og kveikt í svo að upp blossaði eldur, sem breiddist út með þeim afleiðingum að bifreiðin brann ásamt bifreiðunum SP og YY, sem lagt hafði verið beggja vegna við bifreiðina ST, og lakkskemmdir urðu á tveimur öðrum bifreiðum vegna hita. Auk þess barst eldur í gluggakarma á jarðhæð húss, sem við það brunnu og rúður sprungu á jarðhæð og annarri hæð hússins. Með þessu stofnaði ákærði í hættu lífi níu sofandi íbúa hússins, sem stendur 1,5 til 2 metra frá upptökum eldsins, olli eignatjóni og hættu á yfirgripsmikilli eyðingu fleiri eigna hefði eldurinn breiðst enn frekar út, en hann var fljótlega uppgötvaður og slökktur af slökkviliði. A var jafnframt ákærður fyrir að hafa hellt bensíni yfir bifreiðina SL, og kveikt í svo að eldur blossaði upp. Þá var A ákærður fyrir umferðarlagabrot og brot gegn vopnalögum. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 20. apríl 2005 í máli nr. S-176/2005 var ákærði dæmdur til að sæta tveggja ára fangelsi.

### 3.5. Rangar sakargiftir, röng yfirlýsing eða röng skýrslugjöf

Fjórar ákæru voru gefnar út á árinu þar sem ákært var fyrir umferðarlagabrot og rangar sakargiftir en í öllum málunum voru atvik með þeim hætti að ákærðu voru stöðvaðir fyrir umferðarlagabrot og gáfu þeir þá upp nafn og kennitölu annars manns. Sakfelldur var í öllum málunum og ákærðu dæmdir til að sæta skilorðsbundnu fangelsi og greiða sekt. Þá var einn maður ákærður og sakfelldur fyrir brot gegn umferðarlögum og ranga yfirlýsingu og annar fyrir brot gegn umferðarlögum og ranga skýrslugjöf.

### 3.6. Kynferðisbrot

#### Brot gegn 194. og 196. gr. hgl.

Hæstiréttur kvað upp dóm í tveimur málum er vörðuðu brot gegn 194. gr. hgl. Í öðru málinu þvingdi Hæstiréttur refsingu fyrir nauðgun úr 2 ára fangelsi í fangelsi í 2 og hálf ár. Í hinu málinu var staðfest sakfelling Héraðsdóms Reykjavíkur og þriggja ára fangelsisrefsing fyrir nauðgun, ölvunarakstur og fíkniefnabrot.

10 ákæru voru gefnar út á árinu vegna brota gegn 194. gr. hgl. Tveimur málum er enn ólokið, sýknað var í þremur málum og í einu máli var háttsemi ákærða talin varða við 209. gr. hgl. Sakfelldur var fyrir brot gegn 194. gr. hgl. í neðangreindum fjórum málum.

#### M. 010-2004-17510

S 28 ára var ákærður fyrir að hafa þröngvað L með ofbeldi til samræðis eða annarra kynferðismaka, með því að setja lim eða fingur í leggöng hennar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 28. október 2005 í málinu S-873/2005 var ákærði dæmdur til að sæta 18 mánaða fangelsi. Málinu var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 11. maí 2006 í máli nr. 481/2005 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 15 mánuði.

#### M. 010-2005-8946

S 28 ára var ákærður fyrir að hafa með ofbeldi þröngvað H til samræðis og annarra kynferðismaka en samræðis er hann setti fingur í endaparm hennar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 17. nóvember 2005 í málinu S-1076/2005 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 2 og hálf ár. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 15. júní 2006 í máli nr. 542/2005 var héraðsdómur staðfestur með vísan til forsendna.

#### M. 503-2004-243

E 42 ára var ákærður fyrir að hafa veist að V með ofbeldi, rífið hana úr öllum fatnaði og stungið fingrum inn í leggöng hennar, stungið salernispappír inn í leggöng hennar, þröngvað henni til holdlegs samræðis, og með því að hafa þröngvað henni til að sjúga getnaðarlim sinn. E var einnig ákærður fyrir umferðarlagabrot og fíkniefnalagabrot. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 27. júní 2005 í málinu S-



324/2005 var ákærði dæmdur í þriggja ára fangelsi. Málinu var áfrýjað og staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms með dómi uppkveðnum 17. nóvember 2005 í máli nr. 358/2005.

#### M. 503-2004-254

D 36 ára var ákærður fyrir að hafa með ofbeldi og hótunum um ofbeldi þröngvað M til samræðis. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 20. apríl 2005 í málinu S-89/2005 var ákærði dæmdur í tveggja ára fangelsi. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 1. desember 2005 í máli nr. 223/2005 var refsinga ákærða þyngd í fangelsi í 2 ár og 6 mánuði.

Á árinu 2005 féll einn dómur í Hæstarétti þar sem reyndi á misneytingarákvæði 196. gr. hgl. Í máli nr. 56/2005 staðfesti Hæstiréttur sakfellingu og 12 mánaða fangelsisrefsingu ákærða.

Ákæru voru gefnar út í sex málum vegna misneytingar. Sýknað var í einu málanna en sakfelld í fimm og var dæmd refsing í þeim öllum 12 mánaða fangelsi. Í einu málinu var refsingin skilorðsbundin að hluta. Fjórum málanna hefur verið áfrýjað.

#### M. 037-2005-2325

H 21 árs var ákærður fyrir að hafa haft samræði eða önnur kynferðismök við M og notfært sér það að M gat ekki spornað við samræðinu sökum ölvunar og svefndruna. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. mars. 2006 í málinu S-4022/2005 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 12 mánaða fangelsi. Málinu hefur verið áfrýjað.

#### M. 010-2005-18096

Í 20 ára var ákærður fyrir að hafa haft samræði við Á, í stigagangi fjölbýlishúss en ákærði notfærði sér það að Á gat ekki spornað við samræðinu sökum ölvunar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. mars 2006 í málinu S-2043/2005 var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi.

### Kynferðisbrot gegn börnum skv. 200. - 202. gr. hgl.

#### Sifjaspell - 200. gr. hgl.

Hæstiréttur kvað upp einn dóm á árinu vegna brots gegn 200. gr. hgl. Í máli nr. 393/2004 var sakfelld fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 202. gr. og ákærði dæmdur í fangelsi í 2 og hálf ár en héraðsdómur hafði dæmt þriggja ára refsingu.

Tvær ákæru voru gefnar út á árinu þar sem ákært var fyrir brot gegn 200. gr. hgl. Í öðrum málinu var ákært fyrir brot gegn 1. mgr. 200. gr. og var ákærði sýknaður í því máli. Hitt málið varðaði brot gegn 1. og 2. mgr. 200. gr., 1. og 2. mgr. 202. gr. og 209. gr. hgl. sem beindust gegn dóttur ákærða. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var ákærði sakfelldur fyrir brotin og hann dæmdur í 5 ára fangelsi. Málinu var áfrýjað en Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms, sjá mál nr. 220/2006.

#### Brot gegn 201. gr. hgl.

Hæstiréttur kvað upp einn dóm á árinu þar sem ákært var fyrir brot gegn 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. hgl. Hluti brotanna var talinn fyrndur en ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 201. gr. hgl. og dæmdur í 2 og hálf árs fangelsi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti í máli nr. 148/2005

Ríkissaksóknari gaf út eina ákæru á árinu þar sem ákært var fyrir brot gegn 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. hgl. Héraðsdómur sakfelldi ákærða og dæmdi hann í fangelsi í 3 og hálf ár. Málinu hefur verið áfrýjað.

#### Brot gegn 202. gr. hgl.

Á árinu 2004 féllu fjórir dómar í Hæstarétti þar sem ákært var fyrir brot gegn 202. gr. hgl.

#### M. 003-2003-\*\*\*

A 46 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn S á fjögurra ára tímabili, þá er stúlkun var 9 til 13 ára gömul með því að hafa oft í viku tekið stúlkuna í fang sér og látið hana finna fyrir getnaðarlim sínum á meðan ákærði hélt henni fastri, strokið henni um brjóst, maga og rass, og nuddað getnaðarlimnum við rass og læri stúlkunnar og með því að hafa, í stofusófa á heimili stúlkunnar, haft samræði við hana. Með dómi Héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum hinn 15. júlí 2004 í máli nr. S-45/2004 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr. hgl. og dæmdur til að sæta 2 ára fangelsi. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 10. febrúar 2005 í máli nr. 334/2004 heimfærði

háttsemina undir 2. mgr. 202. gr. hgl. og sýknaði ákærða af refsikröfu vegna fyrningar en dæmdi hann til að greiða bætur til stúlkunnar.

**M. 003-2004-\*\*\***

F 27 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart systurdóttur hans, R, sem þá var 10 ára gömul, með því að hafa, þá er telpan svaf í rúmi með ákærða, káfað innan klæða á rassi og kynfærum hennar, sett fingur inn í kynfæri telpunnar og nuddað lim sínum við ber kynfæri hennar og rass. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum hinn 6. maí 2005 í málinu S-34/2005 var ákærði sýknaður. Einn dómari skilaði sératkvæði og vildi sakfella og dæma ákærða í 10 mánaða fangelsi. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum 15. desember 2005 í máli nr. 307/2005 ómerkti hinn áfrýjaða dóm og vísað málinu heim í hérað. Nýr dómur féll í héraði 30. mars 2006 þar sem ákærði var sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 12 mánuði og greiða bætur. Þeim dómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Hæstiréttur vísaði einu máli frá héraðsdómi og í öðru máli var staðfest niðurstaða héraðsdóms um að dæma ákærða til að sæta fangelsi í 12 mánuði og greiða bætur.

12 ákæru voru gefnar út á árinu fyrir brot gegn 202. gr. hgl. Í 6 málum voru ákærðu sýknaðir. Einu þeirra hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar en dómur hefur ekki verið kveðinn upp. Einu máli er ólokið í héraði. Í 5 málum voru ákærðu sakfelldir. Í tveimur af þessum málum var jafnframt ákært fyrir brot gegn 4. mgr. 210. gr. hgl., þ.e. vörslur barnakláms.

**M. 010-2005-\*\*\***

D 21 árs var ákærður fyrir að hafa fengið stúlkuna Í, þá 12 ára, til að eiga við sig munnmök. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 16. desember 2005 í máli nr. 1233/2005 var ekki talið sannað að ákærði hafi vitað um aldur stúlkunnar. Hann var hins vegar talinn hafa sýnt af sér gáleysi um aldur hennar og var háttsemi hans því heimfærð undir 204. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Var ákærði dæmdur til að sæta 5 mánaða skilorðsbundnu fangelsi.

**M. 010-2005-\*\*\***

K 26 ára var ákærður fyrir að haft samræði við S sem þá var 13 ára gömul. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 13. desember 2005 í máli nr. S-1052/2005 var ákærði dæmdur til að sæta 8 mánaða fangelsi.

**M. 034-2004-\*\*\***

G 62 ára var ákærður fyrir að hafa tekið stúlkuna Á, þá 12 ára, í fang sér og káfað á brjóstum hennar innan klæða og reynt að fara með hendi inn fyrir buxur hennar. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum hinn 14. nóvember 2005 í máli nr. S-78/2005 var ákærði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

**M. 503-2004-\*\*\***

Þ 55 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot framin á tveggja ára tímabili í gestaherbergi á heimili ákærða er hann, í 3-5 skipti, fróaði telpunni E með því að nudda kynfæri hennar utan og innan klæða og setja fingur inn í kynfæri hennar, og lét telpuna fróa sjálfri sér með því að nudda eigin kynfæri utan og innan klæða. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 1. júlí 2005 í málinu S-649/2005 var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi og til að greiða bætur.

**M. 010-2004-\*\*\***

Ó 37 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn D fæddri 1986 með því að hafa tælt hana til samræðis og annarra kynferðismaka en samræðis með því að greiða henni fyrir með peningum og með því að nýta sér yfirburði sína gagnvart stúlkunni vegna aldurs- og þroskamunar, er hann hafði samræði við stúlkuna í fjögur skipti, fékk hana fjórum sinnum til að hafa við sig munnmök og hafði einu sinni munnmök við hana, fékk stúlkuna til að setja kynlífstæki í kynfæri sín og endaparm og fékk hana í eitt skipti til að hafa önnur kynferðismök en samræði við B m.a. með notkun kynlífstækja. Ákærði tók fjölda ljósmynda af stúlkunni nakinni, þar á meðal við framangreindar kynlífsathafnir og hafði hann fjórar af myndunum ennþá í vörslu sinni á hörðum diskum er lögregla gerði húsleit á þáverandi heimili hans. Þá var Ó ákærður fyrir kynferðisbrot gegn B og G, báðum fæddum 1986, með því að hafa tælt þær til annarra kynferðismaka en samræðis með því að greiða þeim fyrir með peningum og með því að nýta sér yfirburði sína gagnvart stúlkunum vegna aldurs- og þroskamunar, er hann í eitt skipti fékk þær til að hafa munnmök við sig og fékk stúlkurnar til að setja kynlífstæki í kynfæri sín og endaparm. Ákærði tók fjölda ljósmynda á stafræna myndavél af stúlkunum nöktum, þar á meðal við framangreindar kynlífsathafnir og hafði hann 57 af myndunum ennþá í vörslu sinni á hörðum diskum er lögregla gerði húsleit á þáverandi heimili hans. Loks var Ó ákærður

fyrir að hafa haft í vörslu sinni 77 ljósmyndir sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, en ljósmyndirnar geymdu kærði á hörðum diskum í tölvum sem lögregla haldlagði við húsléit á þáverandi heimili hans. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 11. október 2005 í málinu S-648/2005 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár og upptöku á ferðatölvu, hörðum diskum og stafrænni myndavél. Auk þess var hann dæmdur til að greiða D, B og G bætur. Í dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 6. apríl 2006 í máli nr. 472/2005 var talið að hluti þeirrar háttsemi sem ákært var fyrir félli ekki undir hugtakið „önnur kynferðismök“ í skilningi 3. mgr. 202. gr. hgl en eins og ákæru var háttað þótti ekki unnt að taka afstöðu til þess hvort háttsemin gæti varðað við 209. gr. hgl. Þá var sýknað fyrir vörslu 8 mynda þar sem sök var fyrnd vegna þess. Var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 1 ár en héraðsdómur var staðfestur að öðru leyti.

#### M. 003-2004-\*\*\*

G 45 ára var ákærður fyrir að hafa haft önnur kynferðismök en samræði við S sem þá var 13 ára gömul er hann nuddaði og setti fingur inn í kynfæri hennar. Var háttsemin talin varða við 1. mgr. 202. gr. hgl. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 22. mars 2005 í málinu S-2/2005 var ekki talið sannað að brotið hefði átt sér stað áður en stúlkan varð 14 ára. Efnislýsing í ákæru var hins vegar ekki talin svara til brots gegn 209. gr. hgl og því ekki unnt að beita henni. Ákærði var því sýknaður.

#### M. 003-2004-\*\*\*

J 24 ára var ákærður fyrir að hafa haft samræði við stúlkuna S sem þá var 13 ára gömul. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum hinn 1. apríl 2005 í málinu S-7/2005 var ákærði sýknaður þar sem ekki þótti sannað að ákærði hafi haft samræði við S áður en hún varð 14 ára.

#### Brot gegn 209. gr. hgl.

Hæstiréttur kvað upp einn dóm á árinu þar sem einungis var ákært fyrir blygðunarsemisbrot en með þeim dómi uppkveðnum hinn 27. október 2005 í máli nr. 152/2005 var ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða staðfest en bætur hækkaðar.

Á árinu 2005 voru 6 ákæru gefnar út vegna blygðunarsemisbrota. Í tveimur málum var sýknað af kröfum ákæruvalds. Var öðru þeirra áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti héraðsdóminn með vísan til forsendna. Einu máli er ólokið. Sakfelld var í hinum málunum þremur.

#### M. 010-2004-\*\*\*

J 48 ára var ákærður fyrir húsbrot með því að hafa í heimildarleysi ruðst inn um opnar svaladyr á efri hæð raðhússins þar sem E var að gæta tveggja ungra barna ásamt fimm öðrum stúlkum, öllum fæddum 1989, og að hafa ekki sinnt tilmælum E um að yfirgefa húsið. Hann var jafnframt ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa í framangreint sinn sært blygðunarsemi stúlnanna sex með því að strjúka kynfæri sín í viðurvist þeirra, strjúka um læri E og viðhafa kynferðislegt tal við hana og aðra stúlku. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 13. desember 2005 í máli nr. S-1222/2005 var ákærði dæmdur til að greiða 80.000 kr. sekt.

#### M. 026-2004-\*\*\*

P 25 ára var ákærður fyrir að hafa sært blygðunarsemi sjö stúlkna, fæddum á árunum 1986 til 1990, á þriggja ára tímabili, með því að viðhafa kynferðislegt og klámfengið tal í fjölmörgum símtólum. Með dómi Héraðsdóms Austurlands uppkveðnum hinn 31. janúar 2006 í máli nr. S-86/2005 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta 3 mánaða skilorðsbundnu fangelsi.

#### M. 037-2005-\*\*\*

E 31 árs var ákærður fyrir að hafa sært blygðunarsemi S með því að hafa, á kvennasalerni veitingahúss í Kópavogi, tekið hreyfimyndir af S þar sem hún var að hafa þvaglát. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 14. október 2005 í máli nr. S-810/2005 var ákærði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins þar sem ekki þótti sannað að háttsemi ákærða teldist lostugt athæfi í skilningi 209. gr. hgl. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 30. mars 2006 í máli nr. 523/2005 staðfesti héraðsdóminn með vísan til forsendna.

#### M. 003-2004-\*\*\*

G 43 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot og líkamsárás með því að hafa veist að G, sagst ætla að hafa við hana samræði, klætt hana úr náttpeysu og reynt að klæða hana úr buxum, sjálfur afklæðst þannig að hann var í nærbuxum og sokkum einum fata, tekið um báða handleggji G og ýtt henni niður á sófa, haldið höndum hennar, sýnt henni getnaðarlim sinn og beðið hana að hafa við sig munnmök, káfað á brjóstum

hennar og kynfærum og gripið um kynfæri hennar. Við þetta hlaut G mar á kynfærum, handleggjum og víðar á líkamanum. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum hinn 17. mars 2005 í máli nr. S-18/2005 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta fangelsi í ár.

#### Brot gegn 210. gr. hgl.

Á árinu 2005 voru 6 ákæru gefnar út vegna brota gegn 210. gr. hgl. Var sakfelldur í öllum málunum og refsing oftast ákveðin skilorðsbundið fangelsi.

#### M. 010-2005-45506

G 26 ára var ákærður fyrir að hafa haft í vörslu sinni 798 ljósmyndir og 61 hreyfimynd sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Hann var jafnframt ákærður fyrir dreifingu á barnaklámi með því að hafa veitt ótilgreindum aðilum aðgang í gegnum alnetið að gagnabanka sem hann vistaði í tölvu sinni sem innihélt barnaklám, en sóttar voru 60 myndir í tölvu ákærða sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 11. janúar 2006 í máli nr. 2156/2005 var ákærði dæmdur til að sæta fjögurra mánaða skilorðsbundnu fangelsi og upptöku á tölvu og tölvudiskum.

#### M. 034-2004-3987

I 23 ára var ákærður fyrir dreifingu á klámi með því að hafa sent S, yfir spjallrás á veraldarvefnum, átta stuttar hreyfimyndir sem sýna kynmök fólks, þar af voru þrjár hreyfimyndir með barnaklámi sem sýna kynmök fullorðinna karlmanna við stúlkubörn. Hann var jafnframt ákærður fyrir að hafa haft í vörslu sinni, á hörðum diskum í tölvum sínum, samtals 120 ljósmyndir og 18 stuttar hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, en flestar hreyfimyndirnar sýna kynmök fullorðinna karlmanna við stúlkubörn. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 11. október í málinu S-1186/2005 var ákærði dæmdur til að sæta 2 mánaða skilorðsbundnu fangelsi og upptöku á fartölvu og hörðum diskum.

#### M. 010-2004-18516

S 57 ára var ákærður fyrir að hafa á árunum 2003 og 2004 haft í vörslu sinni, á tveimur hörðum diskum í turntölvu sinni 66 ljósmyndir og 6 hreyfimyndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Myndirnar fundust við skoðun lögreglu á tölvubúnaðinum sem haldlagður var við húsléit á heimili ákærða. Hann var jafnframt ákærður fyrir dreifingu á barnaklámi með því að hafa notað skráaskiptaforritið K sem hann var með í turntölvu sinni og þannig veitt öðrum sem voru með eins forrit aðgang að 22 ljósmyndum og 6 hreyfimyndum sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 10. febrúar 2006 í máli nr. S-2123/2005 var ákærði dæmdur til að sæta 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár og upptöku á tölvu og tveimur hörðum diskum.

### 3.7. Rán og önnur auðgunarbrot

#### Rán.

Hæstiréttur kvað upp tvo dóma á árinu vegna brota gegn 252. gr. hgl. Í báðum málunum var ákvörðun héraðsdóms um sakfellingu ákærðu staðfest. Í öðru málinu var refsing ákærða lækkuð úr 2 árum í 15 mánuði. Í hinu málinu var refsing ákærða þyngd úr 2 árum í 2 og hálf ár.

Á árinu voru 25 ákærðir í 16 málum fyrir rán samkvæmt 252. gr. hgl. Dómar hafa fallið í 15 málum og var 21 sakfelldur en 1 sýknaður. Refsing var oftast ákveðin óskilorðsbundið fangelsi að öllu leyti eða að hluta. Einu máli er ólokið.

#### M. 010-2005-2967, 3061, 3146, 3223, 3225, 3279.

J 36 ára var ákærður fyrir rán í fimm verslunum. Í öll skiptin ógnaði hann starfsfólki með vopni og hafði á brott með sér fé. Hann var auk þess ákærður fyrir tilraun til þjófnaðar með því að hafa í auðgunarskyni brott inn í söluturninn G með því að brjóta rúðu en ákærði flúði af vettvangi er öryggiskerfi fór í gang. Ennfremur var hann ákærður fyrir ölvunarakstur. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 9. júní 2005 í máli nr. S-337/2005 var ákærði dæmdur til að sæta 15 mánaða fangelsi og til að greiða bætur auk þess sem hann var sviptur ökurétti í 8 mánuði.

**M. 503-2004-251**

T 42 ára og J 18 ára voru ákærðir fyrir tilraun til ráns, með því að hafa í félagi ráðist á G og slegið hann ítrekað með trékylfu og krepptum hnefa í höfuðið og skipað honum að afhenda sér peninga sem hann var með, en ákærðu hörfuðu af vettvangi þegar íbúi í húsinu kom út. Af atlögunni hlaut G marga skurði á höfði. T var jafnframt ákærður fyrir fíkniefnabrot. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 14. september 2005 í máli nr. S-696/2005 var T dæmdur til að sæta tveggja ára fangelsi og upptöku á fíkniefnunum en J var dæmdur til að sæta 5 mánaða skilorðsbundnu fangelsi.

**M. 010-2005-4310**

K og SH, báðir 26 ára, voru ákærðir fyrir rán með því að hafa komið inn í apótek með andlit sín hulin, ákærði SH vopnaður hnífi og hamri og ákærði K vopnaður hnífi, stokkið yfir afgreiðsluborð og ógnað starfsmönnum með vopnunum og heimtað að þær létu ákærðu hafa lyfið ritalín. Ákærði SH reyndi án árangurs að opna sjóðsvél apóteksins en ákærði K hrifsaði ýmis lyf úr skúffu að verðmæti kr. 77.756 sem ákærðu höfðu á brott með sér. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 7. október 2005 var ákærði SH dæmdur til að sæta 8 mánaða skilorðsbundnu fangelsi og ákærði K til að sæta 12 mánaða fangelsi en þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundir. Báðir ákærðu voru dæmdir til að greiða bætur. Þætti K í málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 4. maí 2006 í máli nr. 41/2006 staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu ákærða K og dæmdi hann til að sæta 12 mánaða óskilorðsbundnu fangelsi.

**M. 503-2004-215**

HR 42 ára var ákærður fyrir rán, með því að hafa, í félagi við óþekktan mann, farið inn í útibú Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, voru þeir með hulin andlit og vopnaðir rörbútum og ógnuðu gjaldkerunum HA og I með öskrum og með því að slá rörbútnum í innanstokksmuni. Ákærði braut gler í gjaldkerastúku HA og hótaði henni lífláti og fékk hana þannig til að afhenda sér peninga úr peningaskúffu, en félagi hans stökk upp á afgreiðsluborð fyrir framan gjaldkerastúku I og hrifsaði til sín peninga úr peningaskúffu. Samtals höfðu ákærði og félagi hans á brott með sér krónur 610.000. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 14. nóvember 2005 í máli nr. S-1053/2005 var ákærði dæmdur til að sæta 2 ára fangelsi og greiða bætur.

**M. 010-2005-14682**

E og Þ 17 ára og D 21 árs voru ákærðir fyrir rán í söluturni sem þeir sammæltust um og framkvæmdu samkvæmt áætlun. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 16. desember 2006 í máli nr. S-1773/2005 var ákærði E dæmdur til að sæta 10 mánaða fangelsi og ákærði Þ til að sæta 7 mánaða fangelsi. Ákærði D var sýknaður.

**Fjárdráttur**

Á árinu voru kveðnir upp tveir dómur í Hæstarétti fyrir brot gegn 247. gr. hgl. Í öðru málinu hafði héraðsdómur dæmt ákærða til að sæta 9 mánaða fangelsi sem var skilorðsbundið að hluta en Hæstiréttur þyngdi refsinguna í 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Ákvörðun héraðsdóms um bætur var ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Í hinu málinu ómerkti Hæstiréttur hinn áfrýjaða dóm og vísaði málinu heim í hérað.

Tvær ákæru voru gefnar út á árinu fyrir fjárdrátt og var í báðum tilvikum um að ræða brot í opinberu starfi.

**M. 018-2003-871**

I 56 ára var ákærður fyrir fjárdrátt í opinberu starfi með því að hafa sem framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga dregið sér rúmar 17 milljónum króna af bankareikningi í eigu F. Með dómi Héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum hinn 13. október 2005 í málinu S-83/2005 var ákærði dæmdur til að sæta 10 mánaða skilorðsbundnu fangelsi. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 30. mars 2006 í máli nr. 532/2005 staðfesti rétturinn ákvörðun héraðsdóms um sakfellingu og dæmdi ákærða til að sæta 12 mánaða fangelsi, en þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundnir.

**M. 003-2004-26**

G 54 ára, sem starfaði sem lögreglumaður við embætti ríkislögreglustjóra, var ákærður fyrir fjárdrátt í opinberu starfi með því að hafa látið afhenda sér bifreið í eigu embættis ríkislögreglustjóra, úr bílamiðstöð ríkislögreglustjórans, og ráðstafað henni til sambýliskonu sinnar án þess að endurgjald kæmi fyrir

bifreiðina þá eða síðar. Hann var jafnframt ákærður fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína er hann notaði heimildarlaust í eigin þágu bifreið sem var eign embættis ríkislögreglustjóra. Lét ákærði afhenda sér bifreiðina úr bílamiðstöð ríkislögreglustjórans undir því yfirskeyni að nota ætti hana í sérverkefni hjá lögreglunni. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 2. júní 2005 í máli nr. 232/2005 var ákærði dæmdur til að sæta 6 mánaða skilorðsbundnu fangelsi.

#### Önnur auðgunarbrot.

Einn dómur féll í Hæstarétti þar sem tveir menn voru sakfelldir fyrir hylmingu og einn fyrir peningabætti. Voru þeir dæmdir til að sæta 15, 18 og 3 mánaða fangelsi en með því var refsing þeirra milduð töluvert frá því sem ákveðið hafði verið í héraði.

Þá voru flutt 7 mál fyrir Hæstarétti vegna brota gegn 244. gr. hgl. í málum sem lögreglustjórar höfðu ákært í og flutt í héraði.

### 3.8. Brot gegn valdstjórninni

Ofbeldi gegn lögreglumönnum hefur verið mjög í kastljósinu að undanförmu og er í því samhengi rætt um starfsöryggi lögreglu og mikilvægi þess að taka hart á slíkum brotum. 23 einstaklingar voru á árinu ákærðir í 20 málum er vörðuðu brot gegn valdstjórninni. Í 16 málum var um að ræða ofbeldi gegn lögreglumönnum, eitt mál varðaði ofbeldi gegn lækni, eitt mál fangavörð, eitt stefnuvott og einu sinni var veist að starfsmanni félagsmálayfirvalda. Premur málum er enn ólókíð en sakfelld var í öllum þeim málum sem er lokið. Refsing var oftast ákveðin skilorðsbundið fangelsi.

Einn dómur féll í Hæstarétti á árinu. Í máli nr. 351/2005 var staðfest sakfelling héraðsdóms og ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi.

Hér að neðan er að finna ýmsa dóma varðandi brot gegn valdstjórninni sem féllu í héraði á árinu 2005.

#### M. 003-2004-266

Ó var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið nokkrum sinnum til lögreglumannsins H sem tókst að verjast flestum höggunum en féll síðan aftur fyrir sig, og fyrir að hafa hrint öðrum lögreglumanni S svo hann féll í götuna, sparkað í andlit hans og slegið hann ítrekaði í höfuð. Við þetta marðist og bólgnaði S á vinstra kinnbeini og hlaut rispúr hægra megin á enni, á hægri úlnlið, vinstri olnboga og vinstra hné. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 1. mars 2005 í málinu S-20/2005 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru. Refsinga ákærða var hegningarauki við síðasta dóm hans sem kveðin var upp í desember 2004 og ákveðin 6 mánaða fangelsi.

#### M. 003-2004-212

S var ákærður fyrir að hafa, lagt einu sinni til lögreglumannsins H og tvívegis til lögreglumannsins SÆ með hnifi. Með hnifslögunum sem ákærði beindi að SÆ skar hann tvö göt á samfesting hans og kom annað gatið efst á hægra læri innanvert en hitt vinstra megin í nára og gat kom á nærbuxur þar fyrir innan. Með þessari háttsemi stofnaði ákærði lífi og heilsu SÆ í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt. Loks var S ákærður fyrir að hafa hótað barnsmóður sinni og fjölskyldu hennar í þrígang. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 8. nóvember 2005 í málinu nr. S-300/2005 var ákærði sakfelldur. Refsing ákærða var ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum 1. júní 2006 í málinu 18/2006 staðfesti héraðsdóminn.

#### M. 021-2003-122

D var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, á lögreglustöðinni á S, bitið lögreglumanninn G sem þar var við skyldustörf með þeim afleiðingum að hann hlaut fleiður á hægra handarbaki sem úr blæddi. Ákærði var smitaður af lifrabólgu C og lét í veðri vaka að hann væri einnig smitaður af HIV veirunni, en sú var ekki raunin. Þurfti lögreglumaðurinn að bíða í 10 mánuði eftir endanlegum niðurstöðum læknisrannsókna varðandi hugsanlegt smit af veirunum. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 24. mars 2006 í málinu S-151/2005 var ákærði sakfelldur. Refsing ákærða var ákveðin sjö mánaða fangelsi skilorðsbundið.

**M. 010-2005-18991**

R var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa á Austurvelli í Reykjavík, ráðist á lögreglumanninn S, sem þar var að sinna skyldustörfum sínum, tekið hann hálstaki, snúið hann niður og haldið honum föstum um stund. Marðist lögreglumaðurinn á öxl, upphandlegg, olnboga, framhandlegg og tognaði á hálsi, auk þess sem einkennisskyrta hans rifnaði. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 27. apríl 2006 í málin S-2186/2005 var ákærði sakfelldur. Refsing ákærða var ákveðin tveggja mánaða fangelsi skilorðsbundið.

**3.9. Umferðarlög. Umferðarslys**

Á árinu voru 15 mál flutt í Hæstarétti sem vörðuðu eingöngu brot gegn umferðarlögum. Auk þess voru flutt allmörg mál þar sem brot gegn umferðarlögum var eitt margra brota sem ákært var fyrir. 11 dómur féllu þar sem ákært var fyrir ölvunarakstur, hraðakstur og/eða akstur án ökuréttar. 2 dómur féllu þar sem ákært var fyrir brot á reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Þá féll einn dómur þar sem ákært var fyrir manndráp af gáleysi og loks einn dómur þar sem ákært var fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi. Í nokkrum ölvunarakstursmálanna var af ákæruvaldsins hálfu talið að breytingar sem urðu á umferðarlögum með lögum nr. 84/2004 leiddu til þess að víkja ætti frá áralangri dómvenju. Hæstiréttur féllst ekki á það og dæmdi ökuleyfissviptingu í samræmi við umrædda dómvenju.

**3.10. Gabb - brot gegn 120. gr. hgl.**

Tvær ákæru voru gefnar út á árinu fyrir brot gegn 120. gr. hgl. Var sýknað í öðru málanna en sakfelld í hinu.

**M. 032-2003-917**

K 19 ára var ákærður fyrir að hafa skotið á loft neyðarblysi að ástæðulausu, með þeim afleiðingum að lögreglumenn fóru á vettvang. Ákærði var jafnframt ákærður fyrir umferðarlagabrot, áfengislagabrot, tilraun til þjófnaðar og fikniefnalagabrot. Ákærði játaði sök og með dómi Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum hinn 14. mars 2006 í máli nr. S-450/2006 var hann dæmdur til að sæta 3 mánaða skilorðsbundnu fangelsi, greiða sekt og sæta upptöku fikniefna.

**3.11. Frelsisvipting**

Fjórar ákæru voru gefnar út á árinu þar sem ákært var fyrir brot gegn 226. gr. hgl. auk annarra brota.

**M. 024-2005-1059**

Í einu málanna voru fjórir ungir menn ákærðir fyrir frelsisviptingu og líkamsárás með því að hafa þvingað H ofan í farangursgeymslu bifreiðar og haldið honum nauðugum í um klukkustund meðan ekið var um og í kjölfarið veist að honum með ofbeldi í tvígang. Í fyrra skiptið var um að ræða ofbeldi sem féll undir 217. gr. hgl. en í seinni skiptið tóku þrír mennanna þátt og var sú háttsemi talin varða við 2. mgr. 218. gr. hgl. Loks voru allir ákærðir fyrir brot gegn lífi og líkama með því að hafa yfirgefið H í húsasundi, meiddan, á nærbuxum einum fata í 5 gráðu frosti og éljagangi. Tveir mennanna voru dæmdir í skilorðsbundið fangelsi en tveir fengu fangelsisdóma.

**M. 037-2005-3901**

J 42 ára var ákærður fyrir frelsisviptingu með því að hafa meinað konu að yfirgefa dvalarstað ákærða í um fimm klukkustundir, fyrir líkamsárás með því að hafa veist að konunni með ofbeldi á þessum tíma og fyrir hótanir og líkamsmeiðingar af gáleysi með því að hafa borið hníf að hálsi hennar og hótað henni lífláti en er konan reyndi að losna frá ákærða var hann valdur að því af gáleysi að hún hlaut hnífsskurð á fingri. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 21. nóvember 2005 í málinu S-860/2005 var ákærði sýknaður af ákæru um hótanir og líkamsmeiðingar af gáleysi en sakfelldur að öðru leyti samkvæmt ákæru. Var hann dæmdur til að sæta 4 mánaða skilorðsbundnu fangelsi.

**M. 037-2004-424**

Þá var B 51 árs ákærður fyrir líkamsárás og ólögsmæta frelsissviptingu með því að hafa veist að mágkonu sinni og dregið hana inn í íbúð sína og haldið henni þar nauðugri í a.m.k. hálf klukkustund. Á meðan á frelsissviptingunni stóð beitti ákærði konuna ofbeldi. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 16. júní 2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Dómnum hefur verið áfrýjað.

**M. 010-2005-33543**

Loks voru fimm ungir menn ákærðir fyrir frelsissviptingu og rán með því að hafa farið á vinnustað F 17 ára og þvingað hann til að koma með þeim út, beindu þeir að honum ræsibyssu í því skyni. F var þar þvingaður til að koma sér fyrir í farangursgeymslu bifreiðarinnar og var hann þar nauðugur meðan ekið var um. Í Skerjafirði var F skipað út úr bifreiðinni og veittust tveir ákærðu þar að honum með ofbeldi. Þeir þvinguðu F svo til að fara aftur í farangursgeymslu bifreiðarinnar og því næst var ekið að Landsbankanum við H þar sem tveir ákærðu neyddu F til að taka pening út úr hraðbanka og afhenda sér. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 9. desember 2005 í málinu S-1684/2005 voru tveir mannanna sýknaðir af kröfum ákærvaldsins, einn var dæmdur til að sæta 2 ára fangelsi, einn til að sæta 5 mánaða fangelsi og einn var dæmdur til að greiða 150.000 kr. sekt. Sá sem þvingsta refsingu hlaut áfrýjaði til Hæstaréttar sem, með dómi uppkveðnum hinn 11. maí 2006 í máli nr. 42/2006, dæmdi hann til að sæta fangelsi í 2 ár og 6 mánuði en staðfesti héraðsdóm að öðru leyti.

**3.12. Annað**

Af öðrum málum sem ríkissaksóknari höfðaði má nefna eftirfarandi:

**Umferðarlög og almannahættubrot****M. 010-2004-27887**

H 40 ára var ákærð fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreiðinni T og tvívegis snarhemplað bifreiðinni vitandi að bifreiðinni I var ekið sömu leið fyrir aftan bifreið hennar og þannig valdið hættu á árekstri bifreiðanna og með því að hafa skömmu síðar, á bifreiðastæði, ekið sömu bifreið ítrekað í veg fyrir bifreiðina I og þannig hindrað að ökumaður bifreiðarinnar kæmist leiðar sinnar á bifreiðinni. Var hún jafnframt ákærð fyrir almannahættubrot með því að hafa á framangreindu bifreiðastæði ekið bifreiðinni T viðstöðulaust á mikilli ferð í vinstri hlið lögreglubifreiðarinnar L, þá bakkað bifreiðinni nokkra metra og síðan ekið aftur með afli á lögreglubifreiðina. Með þessu stofnaði ákærða lífi og heilsu lögreglumannanna P og E, sem sátu í lögreglubifreiðinni, í augljósan háska. Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 2. febrúar 2006 í máli nr. S-1051/2005 var ákærða dæmd til að sæta 4 mánaða skilorðsbundnu fangelsi og sæta sérstöku skilorði.

**Brot á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.****M. 026-2004-202**

Fimm menn voru ákærðir fyrir brot á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við framkvæmdir á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka. Ákærða S var gefið að sök að hafa vanrækt skyldu til að bregðast við bráðri hættu á heilsutjóni eða vinnuslysum, með því að senda starfsmennina ÁP og ÁA til vinnu við borun í eystri hluta táveggstæðis á stíflusvæði K, þótt honum væri kunnugt um að bráð hætta hefði skapast á grjóthruni á svæðinu vegna hækkandi hitastigs næstu daga á undan og að viðeigandi öryggisráðstafanir hefðu ekki verið gerðar, en er ÁP og ÁA voru að merkja fyrir borun við bergvegginn féll 38,4 kg þungur móbergsteinn úr hliðinni og lenti á ÁP með þeim afleiðingum að hann hlaut mikla áverka á brjóstakassa og kvið og lést skömmu síðar. Ákærðu G, L, J og P var gefið að sök að hafa vanrækt að vinna áætlun um öryggi og heilbrigði eða sérstakt áhættumat vegna vinnu við virkjunarsvæðið, þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins og að hafa vanrækt að bregðast við bráðri hættu á heilsutjóni eða vinnuslysum með því að gera ekki viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna vegna bráðrar hættu á grjóthruni í gljúfrinu. Með dómi Héraðsdóms Austurlands uppkveðnum hinn 24. apríl 2006 í máli nr. S-75/2005 voru ákærðu sýknaðir af kröfum ákærvalds í málinu.



## Brot gegn 117. og 244. gr. hgl.

### M. 010-2005-3475

G 22 ára var ákærður fyrir þjófnað með því að hafa stolið einkennisbúningi lögreglu sem samanstóð af jakka, buxum og skyrtu, úr búningageymslu P og fyrir að nota einkennisbúninginn í ólögætum tilgangi með því að hafa klæðst honum á leið sinni um Laugaveg og Vitastíg, og inn á veitingastaðnum C. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 25. maí 2005 í máli nr. S-616/2005 var ákærði dæmdur til að greiða kr. 30.000 í sekt.

## Ærumeiðingar

### M. 010-2004-24468.

B 45 ára var ákærður fyrir ærumeiðingar gagnvart tveimur lögreglumönnum sem annars vegar birtust á heimasíðum og sem hann hins vegar viðhafði í fjölmíðlum. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 24. október 2005 í málinu S-534/2005 var talið að ummæli þau sem ákært var út af fælu í sér ærumeiðandi aðdróttanir um refsivert athæfi lögreglumannanna og væri með þessum aðdróttunum vegið mjög freklega að starfsheiðri þeirra. Hins vegar var ekki fallist á að ummælin teldust móðgun í skilningi 234. gr. hgl. en þar sem refsikrafa ákærvaldsins var byggð á þeirri grein en ekki 235. gr. hgl. var ákærði sýknaður. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum 30. mars 2006 í máli nr. 490/2005 ómerkti hinn áfrýjaða dóm og vísaði málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

## Brot gegn lögum um náttúruvernd

### M. 029-2004-234

K 57 ára var ákærður fyrir brot gegn lögum um náttúruvernd, með því að hafa ekið ökutækinu O, utan vegar á Skeiðarársandi. Akstur ákærða olli skemmdum á votlendi. Með dómi Héraðsdóms Austurlands uppkveðnum hinn 30. desember 2005 í máli nr. S-50/2005 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að greiða kr. 50.000 í sekt. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

## Brot gegn lögreglu-, tolla- og umferðarlögum

### M. 035-2004-3221

N 23 ára var ákærður fyrir tollalagabrot með því að hafa flutt út af varnarsvæðinu á Keflavíkflugvelli, á bifreið sinni Y, ýmis konar varning sem fluttur var tollfrjálst til landsins samkvæmt lögum nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess. Þá var hann ákærður fyrir brot gegn lögreglulögum með því að hafa ekki hlýtt fyrir mælum lögreglu um að bakka bifreið sinni út af akbrautinni, til að lögreglu væri unnt að athuga varning sem ákærði var með í bifreiðinni, vegna gruns um tollalagabrot. Loks var hann ákærður fyrir umferðarlagabrot. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 30. mars 2005 í máli nr. S-320/2005 var ákærði dæmdur til að greiða kr. 100.000 í sekt og sæta upptöku á varningi.

## Brot í opinberu starfi, brot gegn umferðar- og lögreglulögum

### M. 003-2005-14

P 26 ára var ákærður fyrir umferðarlagabrot og brot gegn lögreglulögum með því að hafa ekið bifhjólínu M á hraðanum 129 km/klst, þar sem leyfilegur hámarkshraði var 60 km/klst, fyrir ýmis önnur umferðarlagabrot og fyrir að hafa ekki sinnt fyrir mælum lögreglu um að stöðva akstur bifhjólsins M. A var ákærður fyrir brot í opinberu starfi og umferðarlagabrot með því að hafa, þegar hann ók lögreglubifreiðinni MN, ekki gætt lögmætra aðferða í lögregluaðgerð sem beindist gegn of hröðum akstri með ákærða er hann stýrði bifreiðinni inn á miðju akbrautarinnar til þess að reyna að stöðva eða hindra akstur bifhjólsins M, með þeim afleiðingum að bifhjólið hafnaði framan á bifreiðinni, sem þá var að hluta til á röngum vegarhelmingi, og með ákærði kastaðist af því. Hlaut með ákærði nokkur meiðsl við áreksturinn en bæði ökutækin skemmdust mikið. Málin voru skilin að og með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 14. apríl 2005 í máli nr. S-233/2005 var ákærði P dæmdur til að greiða 150.000 kr. sekt og sæta sviptingu ökuréttar í 60 daga frá dómsbirtingu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 31. mars 2005 í máli nr. S-166/2005 var ákærði A var dæmdur til að greiða kr. 200.000 í sekt. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 10. nóvember 2005 í máli nr. 229/2005 staðfesti sakfellinguna og frestaði ákvörðun um refsingu A skilorðsbundið.

# 4. kafli

# Erlent samstarf

#### 4.1. Samstarf ríkissaksóknara Norðurlanda

Árlegur fundur ríkissaksóknara Norðurlanda var haldinn á Jótlandi í júní. Fjallað var um refsiframkvæmd og nýmæli í refsiréttar- og réttarfarslöggjöf, auk þess sem farið var yfir mál sem varða framkvæmd ákærvalds á Norðurlöndum.

Ákærendur á Norðurlöndum hafa fundað reglulega um efni sem varða gæði saksóknar. Árlegur fundur um þetta efni var haldinn í Charlottenlund í Danmörku í mars. Fjallað var um aðferðir til að meta eða mæla saksóknargæði. Dæmi um slíkar aðferðir voru kynnt á fundinum, s.s. ýmsar leiðbeiningar ríkissaksóknaranna til ákæranda og úttektir á einstökum brotaflokkum þar sem farið var yfir lögreglurannsókn mála og ákvarðanir ákæranda. Einnig voru kynntar nýjungar í tækni sem nýst getur við flutning mála fyrir dómi, sjá crimescenenet - www.imasoft.dk.

#### 4.2. Samstarf ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna

Ríkissaksóknarar Norðurlanda taka þátt í samstarfi ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna, sem ætlað er að styrkja réttarsamstarf á landsvæðinu. Ríkissaksóknararnir funda árlega og var fundurinn árið 2005 haldinn í Pétursborg í júlí.

Ríkissaksóknararnir hafa skipað starfshópa um ýmis málefni. Ríkissaksóknari Íslands á fulltrúa í starfshópum um framsal og réttaraðstoð, um umhverfisbrot og um mansal.

#### 4.3. Evrópuráðið

Ríkissaksóknarar ríkja sem eiga aðild að Evrópuráðinu funduðu í Búdapest í maí. Meginefni fundarins laut að tengslum ákærvalds og lögreglu.

#### 4.4. Evrópska réttaraðstoðin

Hinn 2. desember 2005 undirritaði dómismálaráðherra fyrir Íslands hönd samstarfssamning við Evrópsku réttaraðstoðina, Eurojust, sem hefur aðsetur í Haag. Eurojust er ætlað að styðja við rannsókn og saksókn mála sem varða alvarlega fjölþjóðlega brotastarfsemi. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla samvinnu og auðvelda samræmingu aðgerða saksóknara og lögregluyfirvalda þegar mál varða fleiri en eitt aðildarríki. Ríkissaksóknari annast samskipti við Eurojust af Íslands hálfu. Starfsemi Eurojust er stjórnað af stjórnarnefnd (college) sem er skipuð fulltrúa frá hverju aðildarríki Evrópusambandsins. Nefndarmenn eru ákærendur og er þeim ætlað að auðvelda samráð og upplýsingaskipti milli yfirvalda í aðildarríkjunum og greiða þannig fyrir rannsókn og saksókn mála. Gert er ráð fyrir því að íslenskur saksóknari vinni með stjórnarnefndinni að málum sem kunna að koma upp og varða Ísland.

#### 4.5. European Judicial Network

European Judicial Network (EJN) er heiti samstarfs dómismálayfirvalda Evrópusambandsríkja, með skrifstofu í Haag, sem felur í sér að tilnefndir eru tengiliðir, ákærendur í aðildarríkjunum, til að auðvelda samskipti við meðferð sakamála sem teygja sig til fleiri landa. Reglulegir fundir tengiliða voru haldnir í Luxemborg í júní og í Edinborg í desember.

#### 4.6. Alþjóðasamtök saksóknara

Ríkissaksóknari er í Alþjóðasamtökum saksóknara, International Association of Prosecutors (IAP). Samtökin voru stofnuð í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Vín árið 1995 og er skrifstofa þeirra í Haag. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa á fundum Evrópuráðsins sem varða málefni ákærvaldsins og á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Þau standa árlega fyrir ráðstefnum, fundum og námskeiðum um refsiréttar- og réttarfarsmálefni. Þá gefa samtökin út ritröð, verklagsreglur um rannsókn og saksókn í tilteknum brotaflokkum.

Árleg ráðstefna IAP var í Kaupmannahöfn í september. Fundarefni var “Witnesses, Experts and Victims”.

#### 4.7. Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndunum um yfirtöku saksóknar

Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um saksókn í öðru ríki Norðurlanda en því, sem brot hefur verið framið í hefur gilt frá árinu 1972. Í samningnum felst að saksókn vegna brots sem framið hefur verið í einu ríki þeirra getur farið fram í öðru ríki, ef hinn grunaði er búsettur eða dvelst í því ríki.

Nokkur mál voru afgreidd á grundvelli samningsins árið 2005. Um var að ræða minniháttar mál sem flest vörðuðu umferðarlagabrot, en einnig fikniefnabrot og auðgunarbrot.

#### 4.8. Beiðnir um framsal og réttaraðstoð

Fjórir erlendir ríkisborgarar voru framseldir frá Íslandi á árinu að beiðni erlendra dómsmálayfirvalda.

Í desember 2004 barst beiðni pólskra dómsmálayfirvalda um framsal þarlands karlmanns, búsetts hér á landi, vegna meintra auðgunarbrotu framinn í Sviss í desember 1997. Maðurinn var framseldur í mars 2005 að gengnum dómi Hæstaréttar um að fullnægt væri lagaskilyrðum til framsals. Með dómi Hæstaréttar var felldur úr gildi úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að með hliðsjón af búsetu kærða og aðstæðum hans væri ekki fullnægt skilyrðum 2. og 7. gr. laga nr. 13/1984 til framsals.

Í mars var litháískur ríkisborgari handtekinn við komu til landsins með ferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar, þar sem nafn hans kom fyrir í Schengen-upplýsingakerfinu á skrá yfir eftirlýsta menn. Í kjölfarið barst beiðni frá þýskum dómsmálayfirvöldum um framsal kærða vegna rannsóknar á máli sem varðaði stórfellt fiknefnasmygl til Þýskalands. Kærði var framseldur að gengnum dómi Hæstaréttar 11. maí 2005.

Í maí barst beiðni pólskra dómsmálayfirvalda um framsal þarlands ríkisborgara sem búsettur var hér á landi, til fullnustu tveggja refsídóma sem viðkomandi hafði hlotið í heimalandi sínu fyrir nauðgunarbrot. Dómfelldi var framseldur í júlí að gengnum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur um að fullnægt væri skilyrðum laga til framsals.

Í desember barst framsalsbeiðni grískra dómsmálayfirvalda vegna albansks ríkisborgara sem hafði sótt um hæli hér á landi og dvalist hér um nokkurra mánaða skeið. Samkvæmt framsalsbeiðninni var kærði grunaður um manndráp með því að hafa skotið samlanda sinn til bana í Grikklandi í desember 2004. Kærði sætti gæsluvarðhaldi meðan mál hans var til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum. Að fenginni umsögn ríkissaksóknara ákvað dómsmálaráðherra að verða við framsalsbeiðninni og var kærða kynnt sú ákvörðun á dómþingi við framlengingu gæsluvarðhalds hinn 19. desember. Hinn 21. s.m. barst Héraðsdómi Reykjavíkur krafa verjanda kærða um dómsúrskurð um hvort skilyrði laga til að verða við framsali væru fyrir hendi. Þegar krafan barst var liðinn sólarhringsfrestur samkvæmt 1. og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 13/1984. Allt að einu tók héraðsdómari málið til meðferðar og staðfesti ákvörðun dómsmálaráðherra með úrskurði 2. janúar 2006. Kærði skaut málinu til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 4. janúar var kröfu kærða vísað frá héraðsdómi þar sem lögboðinn frestur hefði verið liðinn þegar krafa um dómsúrskurð barst. Kærði var framseldur til Grikklands hinn 15. s.m.

Nokkrar erlendar réttarbeiðnir bárust ríkissaksóknara á árinu. Oftast var um að ræða beiðni um gagnaöflun eða skýrslutökur af vitnum eða grunuðum búsettum hér á landi. Þá var óskað atbeina íslenskra lögregluvalda við húsleit og haldlagningu skjala og annarra sönnunargagna. Einnig var óskað upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu og atbeina við birtingu fyrirkalla eða annarra dómskjala.

# 5. kafli

# Löggjafarmálefni

### 5.1. Almenn hegningarlög

Með lögum nr. 21/2005 var gerð breyting á 4. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga þar sem kveðið er á um lögbundna vararefsingu vegna lögreglustjórásatta. Hámark þeirrar fjárhæðar sem 4. mgr. 54. gr. kvað á um var með lögnum hækkuð úr kr. 100.000 í kr. 300.000. Auk þess sem fjárhæðir á bak við hvern dag vararefsingar voru hækkaðar. Ástæða breytingarinnar var sú að heimild lögreglu samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga 19/1991 um meðferð opinberra mála var hækkað með reglugerðarbreytingu árið 2000 í kr. 300.000 og var breyting þessi gerð til að lögbundnar vararefsingar héldust í hendur við hækkað sektarhámark.

Með lögum nr. 83/2005 var sett í almenn hegningarlög sérstakt ákvæði um bann við limlestingu á kynfærum kvenna. Tilgangur þess er að berjast gegn umskurði kvenna. Ákvæðinu er skipað í 218. gr. a. og leggur allt að 6 ára fangelsi við þeirri hegðun að valda tjóni á líkama eða heilsu stúlubarns eða konu með því að fjarlægja kynfæri hennar að hluta eða öllu leyti, og allt að 16 ára fangelsi ef árás hefur í för með sér stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlýst af, eða hún telst sérstaklega vítaverð vegna þeirrar aðferðar sem notuð er. Í tengslum við þetta ákvæði var refsilögsögu 2. töluliðar 1. mgr. 5. gr. laganna breytt þannig að unnt er að refsa fyrir brot gegn 218. gr. a sem framin eru erlendis af íslenskum ríkisborgara eða manni búsettum hér á landi þrátt fyrir að verknaðurinn teljist ekki refsiverður eftir lögum þess ríkis. Almenna reglan er sú að tilgreindum mönnum verður ekki refsað fyrir brot framin erlendis nema jafnframt sé lögð refsing við þeim brotum þar sem þau eru framin. Auk þessa var 218. gr. a bætt inn í 2. málslíð 1. mgr. 82. gr. hegningarlaga þannig að fyrningafrestur brota gegn greininni byrjar að telja frá þeim degi er brotapolí nær 14 ára aldri.

### 5.2. Lög um meðferð opinberra mála

Með lögum nr. 81/2005 var gerð breyting á nokkrum ákvæðum laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Gerð var breyting á 20. gr. laganna þannig að þeim sem taldir eru upp og mega annast birtingu ákæra, kvaðninga, fyrirkalla og annarra tilkynninga í opinberum málum var fjölgað þannig að nú geta aðrir starfsmenn lögreglustjóra, fangaverðir og aðrir starfsmenn Fangelsismálastofnunar annast birtingu til viðbótar lögreglumönnum og stefnuvottum sem einir gátu annast það áður. Í 3. mgr. 20. gr. sem bætt var inn, segir að birta skuli dóm á dómþingi og kveðið er á um að birta megi dóm í Lögbirtingablaðinu eins og var fyrir breytinguna. Vekur athýgli að með

breytingunni var fellt út úr 1. mgr. 20. gr. að um birtingu úrskurða og dóma fari með sama hætti og ákæra, kvaðninga, fyrirkalla og annarra tilkynninga.

Með lögum 81/2005 og 124/2005 var einnig gerð breyting á 3. mgr. 133. gr. laganna þar sem kveðið er skýrt á um að sakborningar skuli kvaddir til dómsuppsögu og dómar þeim þá birtir, en ef þeir ekki sækja þing skuli ákærandi annast birtinguna samkvæmt 20. gr. laganna. Þó var gerð sú breyting að ekki þarf að birta dóma ef ekki eru gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna sem ekki svarar til hærri fjárhæðar en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum ásamt greiðslu sakarkostnaðar. Með seinni lögnum var eingöngu gerð breyting á orðalagi sem breytt hafði verið með 4. gr. þeirra fyrri, vegna þess að mistök voru gerð við ritun frumvarpstextans.

Með lögum 81/2005 var enn fremur gerð breyting til hækunar úr kr. 50.000 í kr. 100.000 á hámarksfjárhæð sem lögreglustjóra er heimilt samkvæmt 115. gr. a að bjóða sakborningi. Auk þess sem sett var nýtt ákvæði 115. gr. b sem heimilar lögreglumönnum að ljúka málum á vettvangi með sektarboði allt að kr. 50.000 að uppfylltum þeim skilyrðum að sakborningur gangist skýlaust við broti, fyrir hendi séu skilyrði til að ljúka máli skv. 115. gr. laganna og hæfileg viðurlög við broti séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr kr. 50.000. Ákvæðið er algert nýmæli og er því ætlað að einfalda og hraða meðferð einföldustu málanna.

Með lögum 81/2005 var að lokum gerð sú breyting á 168. gr. laga um meðferð opinberra mála að ákveða skal í dómsorði tiltekna fjárhæð sakarkostnaðar í stað þess sem áður var þegar dæmdum mönnum var gert að greiða sakarkostnað án þess að fjárhæð hans væri tiltekin sérstaklega en síðan ákveðin af Fangelsismálastofnun.

### 5.3. Tollalög

Ný tollalög, nr. 88/2005 leysa af hólmi tollalög nr. 55/1987. Nýju lögin geyma nokkrar breytingar á refsíákvæðum eldri laganna. Í athugasemdum við frumvarpið er breytingunum lýst svo: „Ýmsar breytingar eru gerðar á þeim kafla gildandi laga sem fjallar um refsíábyrgð, viðurlög og málsmeðferð. Öll refsíákvæði kaflans hafa að geyma sjálfstæðar verknaðarlýsingar sem marka refsinsæmi verknaðar auk annarra skilyrða refsíábyrgðar. Lögð er til grundvallar hefðbundin tilhögun saknæmisskilyrða þannig að flest afbrigðileg refsíákvæði í gildandi tollalögum eru látin víkja, t.d. um hlutræna refsíábyrgð einstaklinga, öfuga sönnunarbyrði og óskipta (sólídaríska) refsíábyrgð.“



#### 5.4. Lög um virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda.

Seint á árinu voru samþykkt lög nr. 134/2005 um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda. Eins og þekkt er liggur sekt við þegar atvinnurekandi stendur ekki á gjalddaga skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda af starfsmönnum sínum eða innheimtum virðisaukaskatti til innheimtumanns, auk þess sem allt að 6 ára fangelsi liggur við stórfelldum brotum, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæðum þessum var breytt á árinu 1995 og var þá bundið í lög refsilágmark sem ekki var í lögum fyrir. Nú liggur því sekt við brotum sem nemur allt að tífaldri en að lágmarki tvöfaldri þeirri fjárhæð sem undan er dregin. Dómstólar höfðu túlkað ákvæði þessi svo að ekki væri heimilt að fara niður úr hinu bundna refsilágmarki þótt greitt hafi verið að fullu eftir gjalddaga. Vakti athygli að dómstólar gerðu engan mun á sektarrefsingu sakborninga hvort sem þeir voru búnir að greiða eða ekki og ákváðu alltaf lágmarksrefsingu tvöfalt það sem undan var dregið. Þótti þetta af mörgum nokkuð ósanngjarnt þar sem ástæða vanskila er stundum peningaleysi skuldarans og erfiður rekstur sem oft endar með gjaldþroti. Raunin var því sú að sakborningar voru ekki borgunarmenn fyrir háum sektum og þurftu að sitja af sér vararefsingu sektanna í formi fangelsisrefsingar.

Með breytingunni var meðal annars heimilað, þegar sakborningur hefur greitt upp vanskilin að öllu eða verulegu leyti, en eftir gjalddaga, að færa sektir niður úr lögboðinni lágmarksrefsingu þegar brot einskorðuðust við að standa ekki skil á staðgreiðslu/virðisaukaskatti og skilað hafði verið réttum staðgreiðsluskilagreinum/ virðisaukaskattskýrslum. Í nýlegum dómum Hæstaréttar um túlkun laganna hefur komið í ljós að um verulega lækkingu sekta er að ræða þar sem nú er gerð u.þ.b. 10 % sekt í stað lágmarksins sem var 200 %. Sekt vegna vanskila þegar búið er að greiða upp eða að verulegu leyti nemur því eingöngu 1/20 af því sem áður var. Án efa er þetta til að hvetja sakborninga til að gera upp og felst í þessu hvati og eðlileg umbun þegar sakborningar bæta fyrir brot sín eftir að þau eru þó fullframin. Auk framangreinds er heimilt að lækka sektir niður fyrir lágmarkið ef sérstakar málsbætur eru en á túlkun þess hefur ekki reynt enn.

Auk framangreinds var Skattrannsóknarstjóra ríkisins með lögum 134/2005 heimilað að bjóða sakborningum að undirgangast sektargreiðslu. Takmörk eru á þessari heimild þar sem sektir mega ekki vera hærri en 6 milljónir króna. Kemur einkum til greina að beita þessu ákvæði þegar um vanskil vörsluskatta er að ræða en ekki skattsvik

og vegna vanskila á lægri fjárhæðum sem ekki hafa verið taldar fela í sér stórfelld brot í skilningi 262. gr. almennra hegningarlaga. Þessi heimild Skattrannsóknarstjóra hefur líklega ekki áhrif á fjölda refsímála vegna þess að mál sem falla undir heimild hans til sáttaboða eru þau sem venjulega eru afgreidd af Yfirskattanefnd með sektum.

#### 5.5. Lög um starfsmannaleigur

Alþingi setti á árinu lög um starfsmannaleigur nr. 139/2005 sem kveða á um starfsskilyrði starfsmannaleiga. Á síðari árum hafa komið upp nokkur mál þar sem á landinu hafa starfað erlendir ríkisborgarar án þess að hafa tilskilin atvinnu- og dvalarleyfi. Lög um starfsmannaleigur eru mjög til bóta enda hefur því verið borið við í refsímálum að erlendir starfsmenn, án atvinnuleyfa, væru hjá starfsmannaleigu en ekki ráðnir til vinnu hér á landi. Starfsmannleigur á EES-svæðinu hafa fullt frelsi til að selja þjónustu, en takmörk eru á heimild starfsfólks og atvinnurekenda til að ráða það til vinnu. Í mörgum þessara mála var um að ræða ríkisborgara átta af þeim tíu Evrópusambandslöndum sem gengu í sambandið á árinu 2004 og hefðu átt að hafa dvalar og atvinnuréttindi á grundvelli EES samningsins, en voru skyldugir, samkvæmt undanþáguákvæði, til að afla sér atvinnuleyfis kæmu þeir til starfa á Íslandi. Aðlögun nýju ríkjanna lauk 1. maí 2006. Öðluðust ríkisborgarar þessara landa þá full atvinnu- og dvalarréttindi á við aðra EES – borgara hér á landi. Málum vegna þessa mun því eflaust fækka. Undantekningarákvæðið náði ekki til frelsis EES borgara til að selja þjónustu. Starfsmannaleigur höfðu því fullt athafnafrelsi á svæðinu. Vandkvæðum var bundið fyrir ákærvaldið að hrekja fullyrðingar um að starfsmenn væru á vegum starfsmannaleiga, en eftir lagasetning þessa er kveðið skýrt á um að slíkar starfsmannaleigur eiga að vera skráðar, tilkynna sig til yfirvalda og hafa umboðsmann hér á landi. Verður því erfiðara fyrir sakborninga að gera líklegt að starfsmaður án atvinnuleyfis sé á vegum starfsmannaleigu, ef starfsmannleigan hefur ekki uppfyllt framangreind skilyrði.

## 5.6. Umsagnir til Alþingis

Árið 2005 gaf ríkisaksóknari umsögn um eftirfarandi lagafrumvörp sem bárust embættinu frá allsherjarnefnd Alþingis, nema annað sé tekið fram.

### • Umsögn um frumvarp til laga nr. 81/2005 og 124/2005

Hér að framan er fjallað um hvaða breyting var gerð á lögum um meðferð opinberra mála með lögum nr. 81/2005 og að í lögnum er sá annmarki að felldar voru úr 20. gr. laga um meðferð opinberra mála reglur um birtingu dóma auk þess sem setja varð önnur lög þ.e. lög nr. 124/2005 til að leiðrétta villu í hinum fyrri vegna breytinga sem gerðar voru á 3. mgr. 133. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Athygli vekur að þrátt fyrir að með lögum þessum hafi verið gerðar nokkrar grundvallar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála sem vörðuðu birtingu dóma, ákvörðun sakarkostnaðar og skyldur ákæranda í því efni, þótti Alþingi ekki ástæða til að senda lög in til umsagnar ríkissaksóknara.

### • Umsögn um skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.

#### Umsögnin var svohljóðandi.

„Með bréfi dagsettu 9. þ.m. barst mér til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis skýrsla um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.

*Mér er kunnugt um efni umsagnar ríkislögreglustjórans, efnahagsbrotadeildar, um skýrsluna og tek undir allt sem þar er sett fram. Áréttað skal að ábendingar og tillögur nefndarinnar um aðgang skattyfirvalda að upplýsingum hjá bönkum og öðrum fjármálastofnunum þykja athyglisverðar og eðlilegar.*

Hér verður einungis vikið í stuttu máli að kafla 14.9.5 í skýrslunni en þar kemur fram það álit nefndarinnar sem samdi skýrsluna, skipuð tollstjóranum í Reykjavík, ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, að taka ætti til athugunar að færa saksókn og ákærvald í skattsvikamálum til embættis skattrannsóknarstjóra.

Rök nefndarmanna fyrir þessum hugleiðingum sýnast fremur veik og tæpast ástæða til að fjalla mikið um þau. Með sömu rökum mætti flytja hugleiðingar um að vinnueftirlitið ætti að fara með ákærvald í málum út af ætluðum brotum á vinnulöggjöfni, Fiskistofa með ákærvald vegna ætlaðra brota á fiskveiðilöggjöfni o.s.frv. Að sjálfsögðu getur lögregla og ákærvald sinnt flóknum málum á ýmsum sérsviðum bæði á

rannsóknarstigi og fyrir dómstólum. Starfsmenn með reynslu, sérstaka þjálfun og þekkingu á meðferð mála á umræddu sérsviði sinna málunum á rannsóknarstigi þeirra og geta e.a. kvatt sér til aðstoðar sérfræðinga eða aflað greinargerða og rannsóknarskýrslna með því að fá dómkvadda sérfræðinga til verka. Þá er ljóst að meðferð málanna fyrir dómstólum er á sérsviði ákæranda en ekki á sérsviði skattyfirvalda.

Minnt er á að skattstjórar annast skatteftirlit, hver í sínu umdæmi, en ríkisskattstjóri hefur á hendi yfirstjórn skatteftirlits og fer með skatteftirlit á landinu öllu, sbr. 1. mgr. 102. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. lög nr. 129/2004. Verður ekki annað séð en að nefndar eftirlitsstofnanir eigi að geta afgreitt mál sem upp koma annað hvort innan skattkerfisins eða með því að kæra refsiverð brot til lögreglu. Embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins á sér ekki hliðstæðu á öðrum sviðum hér á landi og virðist full ástæða til að kanna hvort í stað þess að halda uppi starfsemi slíks embættis beri að efla skatteftirlit skattstjóra og ríkisskattstjóra og ennfremur þær deildir eða stofnanir lögreglu og ákærvalds sem annast meðferð ætlaðra refsiverðra brota á skattalöggjöfni.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að leitað hefur verið upplýsinga um ýmis atriði í nágrannalöndum á sviði skattamála. Sýnist vel koma til greina að aflað verði frekari upplýsinga í þeim löndum sem við leitum gjarnan til eftir fyrirmyndum og þá fyrst og fremst til Danmerkur og Noregs vegna skyldleika réttarfars okkar við réttarfara nefndra landa og menningarlegra tengsla. Hugað verði sérstaklega að embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins í því sambandi, leitað stofnana til samanburðar við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins í löggjöf landanna og ennfremur aflað nákvæmra upplýsinga um fyrirkomulag saksóknar og ákærvalds í skattamálum.“

### • Tillaga til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, 73 mál.

#### Umsögnin var svohljóðandi.

„Embætti ríkissaksóknara hefur með bréfi Alþingis, dagsettu 14. f.m., borist til umsagnar frá Allsherjarnefnd; Tillaga til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, 73. mál 131. löggjafarþings.

Embætti ríkissaksóknara telur sig ekki hafa nauðsynlegar forsendur til þess að láta uppi álit á efni þessarar tillögu, þ.á m. um sérstöðu þess aldurs skeiðs sem að ofan greinir við afplánun fangelsisdóma eða hve stórt hlutfall það aldurs skeið er í heildartölu afplánunarfanga í fyrstu afplánun. Viðhlitandi forsendur eru heldur ekki tilgreindar í greinargerð tillögunnar fyrir sérstöðu

fanga á þessum tiltekna aldri eða hvert sé mat fagaðila í þessum efnum. Að svo stöddu er það því afstaða þessa embættis að mæla hvorki með samþykkt tillögunnar né gegn henni ef fram kynnu að koma nægilegar forsendur fyrir samþykkt hennar.“

- Að auki bærust embættinu til umsagnar án þess að tekin væri afstaða til þeirra eða gerðar sérstakar athugasemdir við frumvörpin.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum, 48. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum, 47. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi nr. 16/2000, með síðari breytingum, 189. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (vararefsing fésektar), 409. mál.
- Frumvarp til breytinga á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi nr. 16/2000, 538. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, með síðari breytingum (14 samningsviðauka) 648. mál.

## 6. kafli Starfsmenn ríkissaksóknara

**Starfsmenn við embætti ríkissaksóknara voru þann 31. desember 2005:**

**Bogi Nilsson**, ríkissaksóknari  
**Ragnheiður Harðardóttir**, vararíkissaksóknari  
**Sigríður Friðjónsdóttir**, saksóknari  
**Kolbrún Sævarsdóttir**, saksóknari  
**Helgi Magnús Gunnarsson**, saksóknari  
**Sigríður Elsa Kjartansdóttir**, fulltrúi  
**Hulda Elsa Björgvinsdóttir**, fulltrúi

**Fimm starfsmenn voru á skrifstofu embættisins:**

**Bjarnfríður Gunnarsdóttir**, skrifstofustjóri  
**Guðmundur Arnfinnsson**, sakaskrárritari  
**Þorgerður Þórdís Haraldsdóttir**, málaskrárritari, sem gegnir hálfu starfi  
**Jenný Heiða Björnsdóttir**, ritari  
**Anna Matthildur Axelsdóttir**, ritari

Að auki var Bragi Steinarsson starfandi við embættið í sérverkefnum frá og með 1. júlí 2005 er hann lét af störfum sem vararíkissaksóknari. Bragi hafði þá starfað við embættið nánast frá stofnun þess eða í 43 ár.

Sigríður Jósefsdóttir lét af störfum sem saksóknari hinn 31. mars 2005. Starfaði hún við embættið í 12 ár.

Ragnheiður Harðardóttir var skipuð vararíkissaksóknari frá 1. júlí 2005 að telja. Tók hún við stöðunni af Braga Steinarssyni. Hún starfaði áður sem saksóknari við embættið.

Helgi Magnús Gunnarsson var skipaður saksóknari frá 1. apríl 2005 að telja. Hann starfaði áður sem löglærður fulltrúi við embætti ríkislögreglustjóra.

Kolbrún Sævarsdóttir var skipuð saksóknari frá 1. júlí 2005 að telja. Hún starfaði áður sem löglærður fulltrúi við embættið.

Samkvæmt framangreindu voru 12 starfsmenn við embætti ríkissaksóknara þann 31. desember 2005, 8 konur og 4 karlar, í ellefu og hálfu starfi.

# 7. kafli

# Siðareglur ákærenda

## Evrópskar leiðbeiningarreglur Um siði og breytni opinberra ákæranda „Búdapestreglurnar”

Samþykktar af Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara 31. maí 2005

### Inngangur

1. Opinberir ákærendur fara með lykilhlutverk í refsivörslukerfinu, og í sumum löndum eru þeim enn fremur falin ýmis önnur verkefni, svo sem á sviði viðskipta, einkamálaréttar eða stjórnáhrættar, sem almennum gæslumönnum laga og réttar.
2. Með þetta í huga hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara sannfærst um að hvetja beri til þess að opinberum ákærendum séu skilgreindar sameiginlegar meginreglur, og hefur ráðstefnan á allsherjarfundum sínum í Búdapest í maí 2005 samþykkt eftirfarandi leiðbeiningarreglur um siði og breytni opinberra ákæranda.
3. Samkvæmt tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu, sem er grundvallarskjal Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara, fara opinberir ákærendur með opinbert vald og tryggja fyrir hönd samfélagsins og í almannapágu að lögum sé beitt þegar brot gegn þeim hefur í för með sér refsiviðurlög, og taka þeir í því starfi tillit til bæði réttinda hins einstaka manns og nauðsynlegrar skilvirkni refsivörslukerfisins.
4. Í öllum refsivörslukerfum ákveða opinberir ákærendur hvort sakamál skuli höfðað eða því haldið áfram, sækja mál fyrir dómstólum, og geta enn fremur áfrýjað dómsúrlausnum, sumum eða öllum.
5. Leiðbeiningarreglurnar eru ekki bindandi fyrir handhafa ákæruvalds í hinum einstöku löndum, heldur ber að líta svo á að þær setji fram almenn meginreglur sem yfirleitt er fallist á hvað snertir störf opinberra ákæranda, og sem telja má að feli í sér leiðbeiningar innanlands um álitafæni er varða siðferðilega rétta breytni og áþekk atriði.
6. Í leiðbeiningarreglunum eru sett fram viðmið um hátterni og starfshætti sem krafist er af öllum ákærendum er starfa hjá eða á vegum handhafa opinbers ákæruvalds.
7. Til að tryggja að opinberum ákærendum sé unnt að fullnægja starfsskyldum sínum sjálfstætt og í samræmi við leiðbeiningarreglur þessar minnir ráðstefnan á þau öryggisatriði sem fjallað er um í 4.-10. lið tilmæla nr. (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu.

### I. Grundvallarskyldur

#### Opinberum ákærendum ber ávallt, hvernig sem á stendur

- að vinna störf sín, þar á meðal að sinna skyldu sinni til aðgerða, í samræmi við viðeigandi landslög og alþjóðalög,
- að vinna störf sín af sanngirni, hlutleysi og samkvæmni, og með hæfilegum hraða,
- að virða, vernda og halda uppi mannlegri reisn og mannréttindum,
- að taka tillit til þess að þeir starfa fyrir hönd samfélagsins og í þágu almannahags,
- að leitast við að ná sanngjörnu jafnvægi milli almennra samfélagshagsmuna og hagsmuna og réttinda einstaklingsins.

## II. Almennt um faglega breytni

### Opinberum ákærendum ber ávallt að gera hæstu faglegar kröfur, og

- a. ávallt gæta heiðurs og virðingar starfs síns,
- b. ávallt sýna faglega breytni,
- c. ávallt gæta yftrustu krafna hvað snertir heiðarleika og vandvirkni,
- d. vinna störf sín á grundvelli mats síns á atvikum og lögum samkvæmt, án nokkurra óviðkomandi áhrifa,
- e. halda sér vel upplýstum og viðhalda starfsfærni sinni og þekkingu á lagalegri og félagslegri framvindu,
- f. kappkosta að vera hlutlausir og vera reyndir að því að gæta hlutleysis og samræmis í störfum, þar á meðal með því að setja fram og birta almennar leiðbeiningarreglur, meginreglur og viðmið eins og fjallað er um í lið 36 a í tilmælum nr. Rec (2000) 19 til leiðsagnar við störf sín sem einstaklingar og sem heild, og stuðla þar sem það á við að umræðum og hópstarfi,
- g. vinna störf sín af sanngirni og án ótta, vildar eða fordóma,
- h. leiða hjá sér einstaklingsbundna og hópbundna hagsmuni og þrýsting frá almenningi eða fjölmiðlum,
- i. virða jafnrétti allra fyrir lögum og sýna engum mismunun á grundvelli atriða á borð við kynferði, kynþátt, hörundslit, tungu, trú, stjórnmálaskoðun eða aðrar skoðanir, kynhneigð, þjóðernislegan eða félagslegan uppruna, tengsl við þjóðernisminnihluta, eignir, ætterni, heilsufar, fötlun eða aðra stöðu,
- j. virða trúnað um það sem leynt á að fara í starfi,
- k. hafa í huga sjónarmið, réttmæta hagsmuni, einkalíf og hugsanleg áhyggjuefni fólks sem þeir kunna að hafa afskipti af í starfi,
- l. leitast við að tryggja að einstaklingum séu á fullnægjandi hátt kynnt réttindi sín og réttarstaða, að því marki sem það fellur undir verksvið opinbers ákæranda,
- m. koma fram í dómi og gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum, svo og gagnvart öðrum í stétt lögmannna, af virðingu og kurteisi,
- n. veita aðstoð opinberum ákærendum og yfirvöldum í öðrum löndum samkvæmt lögum og til að stuðla sem mest að alþjóðlegri samvinnu,
- o. leyfa ekki persónulegum eða fjárhagslegum hagsmunum opinbers ákæranda, eða fjölskyldutengslum, félagslegum tengslum eða öðrum tengslum hans, að hafa áhrif á breytni hans í starfi. Sérstaklega ber þeim ekki að vinna störf opinbers ákæranda í málum þar sem þeir, skyldmenni þeirra eða félagar í viðskiptum hafa persónulegra, einstaklingsbundinna eða fjárhagslegra hagsmuna eða tengsla að gæta.

## III. Fagleg breytni varðandi rekstur refsímála

### Í starfi er varðar rekstur refsímáls ber opinberum ákærendum ávallt að

- a. virða grundvallarregluna um réttláta málsmeðferð eins og hún kemur fram í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,
- b. rækja störf sín af sanngirni og hlutleysi, málefnalega, og sjálfstætt innan þess ramma sem lög kunna að kveða á um,
- c. leitast við að tryggja að refsivörslukerfið starfi eins greiðlega og unnt er og í samræmi við kröfur réttvísinnar,
- d. virða þá reglu að maður telst saklaus þar til sekt hans er sönnuð,
- e. leitast við að tryggja að allar nauðsynlegar og eðlilegar rannsókir og athuganir fari fram eða hafi farið fram áður en ákvarðanir eru teknar um að höfða mál eða höfða ekki mál, eða aðrar ákvarðanir sem kunna að hafa áhrif á gang réttvísinnar,
- f. taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna í máli, þar á meðal þeirra sem varða hinn grunaða, hvort sem þær eru honum í hag eða í óhag,
- g. höfða ekki mál og halda ekki máli til steitu þegar hlutlaus rannsókn sýnir að sakargift er ekki á rökum reist,
- h. sækja mál af ákveðni en sanngirni, og ekki umfram það sem sönnunargögn benda til,
- i. athuga möguleg sönnunargögn með tilliti til þess hvort þeirra hafi verið löglega aflað,
- j. hafna notkun sönnunargagna sem með rökum má telja að hafi verið aflað ólöglega þannig að alvarlega hafi verið brotið gegn mannréttindum hins grunaða eða annarra, nema gegn þeim sem það gerði,
- k. leitast við að tryggja að til viðeigandi aðgerða sé gripið gegn þeim sem slíkum aðferðum hafa beitt,
- l. gæta reglunnar um jafna stöðu málsaðila, sérstaklega með því að veita hinum ákærða eða verjanda hans upplýsingar að því marki sem lög leyfa og samræmist réttlátri málsmeðferð,
- m. taka réttmætt tillit til hagsmuna vitna og brotaþola,
- n. aðstoða dóminn við að komast að réttlátri niðurstöðu,
- o. taka ákvarðanir á grundvelli óhlutdrægs og faglegs mats á þeim sönnunargögnum sem fyrir hendi eru.

#### IV. Breytni í einkalífi

- a. Opinberir ákærendur mega með athöfnum í einkalífi sínu hvorki stefna í hættu heiðarleika ákæruvaldsins, réttisýni þess eða óhlutdrægni, né þeirri ímynd heiðarleika, réttisýni og óhlutdrægni sem það kann að njóta.
- b. Opinberir ákærendur skulu ávallt virða lög og hlýða lögum.
- c. Opinberum ákærendum ber að sýna breytni sem stuðlar að og heldur við trausti almennings á starfi þeirra.
- d. Opinberir ákærendur mega ekki nýta upplýsingar sem þeir kunna að hafa haft aðgang að í starfi sínu með óréttmætum hætti í þágu einstaklingsbundinna hagsmuna þeirra sjálfra eða annarra.
- e. Opinberir ákærendur mega ekki veita viðtöku neinum gjöfum, verðlaunum, hlunnindum, fyrirgreiðslum eða þægindum frá þriðja aðila eða vinna nein þau verk sem telja má að stefni í hættu heiðarleika þeirra, réttisýni og óhlutdrægni<sup>1</sup>.

<sup>1</sup> Leiðbeiningarreglur þessar sækja einkum fyrirmyndir til

- Evrópusamnings um vernd mannréttinda og mannfrelsis,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 10 um siðareglur fyrir opinbera starfsmenn,
- Leiðbeiningarregluna um störf saksóknara, samþykktar af 8. þingi Sameinuðu þjóðanna um fyrirbyggingu afbrota og meðferð sakamanna (Havana, 27. ágúst til 7. september 1990),
- annarra viðeigandi siðareglna og starfsreglana sem lagðar hafa verið til eða samþykktar af opinberum aðilum eða samtökum einkaaðila og alþjóðlegum samtökum.





Ríkissaksóknari • Hverfisgötu 6 • 150 Reykjavík • sími 530 1600 • [www.saksoknari.is](http://www.saksoknari.is)